ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

# Bæjarins besta

Miðvikudagur 19. NÓVEMBER 1997 • 46. tbl. • 14. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

*Framhaldsskólinn*

## Framvegis bannað að sofa í tímum

Nemendur Framhaldsskóla Vestfjarða mega búast við því að á næstu vikum og misserum muni ríkja meiri agi við skólann en þeir hafa vanist. Þetta kemur fram í nýjasta fréttabréfi skólans en þar segir m.a.:

,,Nemendur komast ekki upp með að sofa rólegir heima þegar þeir eiga að vera í skólanum, því skólameistari hringir heim til þeirra hafi þeir ekki tilkynnt forföll fyrir kl. 09. Þá verður ekki látið viðgangast að nemendur sofi í tímum eða hafi í frammi truflandi áhrif á kennslu."

Þá segir í fréttabréfinu að reykingar verði með öllu bannaðar á lóð skólans frá og með næstu áramótum og því sé nú kjörið tækifæri fyrir nemendur að hætta þessum lífshættulega ósið.

Hátt í 300 nemendur eru skráðir í skólann á haustönn og dreifast þeir á 13 bekkjardeildir og er þá öldungadeild meðtalin.

*Húsnæðismál GÍ*

## Norðurtanginn hagkvæmastur

Starfshópur sem í haust var falið að gera samanburð á mögulegum lausnum á húsnæðisvanda Grunnskóla Ísafjarðar, hefur skilað álitsgerð sinni og var hún kynnt fjölmiðlum á blaðamannafundi í gær.

Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu að hagkvæmasti kosturinn væri að kaupa húsnæðið við Sundstræti, þ.e.a.s. Norðurtangann, og endurbyggja það fyrir eldri bekki grunnskólans. Samkvæmt frumáætlun um kostnað þá er heildarstofnkostnaður við að koma á einsetnum skóla í núverandi húsnæði fyrir 1.-6. bekk og í Sundstræti fyrir 7.-10. bekk, áætlaður um 364 milljónir króna.

Niðurstaða starfshópsins var kynnt bæjarfulltrúum á mánudaginn og er búist við að ákvörðun í þessu eldfima máli verði tekin á auka bæjarstjórnarfundi í næstu viku. Samkvæmt heimildum BB er enn djúpstæður ágreiningur innan meirihluta bæjarstjórnar um málið og því mjög óljóst um lyktir þess á þessari stundu. Sjá frétt á bls. 2.

*Þorbjörn í Bolungarvík*

## Uggur í starfsfólki

Mikill uggur er í starfsfólki Þorbjarnar hf., í Bolungarvík vegna minnkandi atvinnu. Haldinn hefur verið fundur með starfsfólki vegna málsins. Sjá nánar bls. 2.




HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ
SKEIÐI BJÖRNSBÚÐ HNÍFSDALUR BOLUNGARVÍK
SAMSÖLU HVÍTLAUKSBRAUÐ 129 KR. 2 STK
KEA BAYONNESKINKA 998 KR. 1 KG.
VÖRUVAL
HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ

*Ísafjörður*

## Opin bók á hótelinu

Menningarmiðstöðin Edinborg stendur fyrir „Opinni bók", kynningu á nýútkomnum bókum á Hótel Ísafirði, sunnudaginn 23. nóvember kl. 16.

Frá Máli og menningu verða Vilborg Davíðsdóttir með bók sína, Eldfórnin, sögu frá 14. öld, byggða á sönnum atburðum, Kristín Marja Baldursdóttir, sem les úr bók sinni, Hús úr húsi, sögu um unga konu sem flækist inn í flókið fjölskyldudrama og Pétur Gunnarsson, sem les úr bók sinni, Heimkoma.

Frá forlaginu Bjarti, les Jón Kalman Stefánsson úr bók sinni, Sumarið bakvið Brekkuna, sögu um sérkennilegt sambýli nokkurra sveitunga í dal vestur á landi. Þá verður lesið úr bókum Sigurðar Gylfa Magnússonar, Menntun, ást og sorg, og úr bókinni, Bræðurnir frá Ströndum, þar sem er skoðuð tilvera íslenskrar alþýðu um aldamótin, einkum tveggja bræðra úr Strandasýslu. Lesari er Pálmi Gestsson, leikari.

Þá verður boðið upp á tónlistarflutning og veitingar. Allir eru velkomnir á kynninguna.

*Hnífsdalur*

## Sölumarkaður KFÍ

Körfuboltafélag Ísafjarðar verður með sölumarkað í Félagsheimilinu í Hnífsdal, sunnudaginn 23. nóv. frá kl. 14-17.

Fjöldi verslana verður með vörur sínar á svæðinu. KFÍ vill koma því á framfæri að nú sé rétta tækifærið til að gera góð kaup fyrir jólin. Boðið verður upp á kaffi og vöfflur á staðnum.

*Vesturbyggð*

## Minnisvarði reistur

Minnisvarði um breska sjómenn, sem farist hafa við Ísland, verður settur niður á Patreksfirði og hafa fjögur bresk sveitarfélög á Grimsbysvæðinu tekið að sér að fjármögnun.

Tveir staðir koma til greina sem staðsetning fyrir minnisvarðann, annars vegar á opnu svæði innarlega í bænum og hins vegar við höfnina. Ágreiningur er um staðsetninguna

*Starfsfólk Þorbjarnar hf., í Bolungarvík uggandi vegna ört minnka*

# Óljóst hvaða hlutverki landsv fyrirtækisins gegnir í framt

Forsvarsmenn Þorbjarnar hf. héldu fund í Bolungarvík í síðustu viku eftir að beiðni barst frá starfsfólki um að því yrði kynnt fyrirætlanir varðandi bolfiskvinnslu fyrirtækisins. Lítil vinna hefur verið í bolfiskvinnslunni undanfarnar tvær vikur og það ástand ásamt spádómum um að landvinnsla leggist af um land allt í nánustu framtíð hefur aukið fólki áhyggjur vegna atvinnu þess.

Að sögn Agnars Ebenezerssonar, rekstrarstjóra Þorbjarnar í Bolungarvík, brugðust stjórnendur fyrirtækisins vel við óskum starfsfólks og héldu með því fund, þar sem fram kom að stefna varðandi landvinnsluna hefur enn ekki verið mörkuð. „Ákvörðun hefur verið tekin hvað útgerð frystiskipanna varðar, en enn er óljóst hvaða hlutverki landvinnslan muni þjóna í framtíðinni. Vinna við rekstraráætlanir hefur tafist vegna endurfjármögnunar fyrirtækisins, sem reyndar er að ljúka, en áætlanagerð er nú hafin og það er búist við að málin skýrist á næstu tveimur til þremur vikum," sagði Agnar í samtali við blaðið.

Hann segir að bolfiskvinnslunni verði haldið á rólegu nótunum fram yfir áramót, en rækjuvinnsla héldi áfram með sama sniði og verið hefur. Ákvörðun um hráefnisöflun yrði síðan tekin þegar rekstraráætlanir lægju fyrir, en fram að því yrði ekki eltst við dýrt hráefni. Agnar segir að hráefnisskortur undanfarnar tvær vikur hafi ekki einskorðast við Þorbjörn, heldur hefðu fiskvinnslur víða um land átt við sama vanda að glíma vegna ótíðar sem leitt hafi af sér lítið framboð á mörkuðum. Við ótíðina hefði síðan bæst að togarinn Sturla, sem ákveðið hafði verið að aflaði hráefnis fyrir bolfiskvinnsluna, hefði verið settur á rækjuveiðar í stað Hólmaness, sem þurfti í viðgerð vegna alvarlegrar vélarbilunar. Fyrirtækið væri bundið samningi um að skila ákveðnu magni rækju fyrir árslok og því hefði hún verið látin ganga fyrir.

Önnur af tveimur flæðilínum Þorbjarnar í Bolungarvík hefur nú verið seld Fiskiðjusamlagi Húsavíkur, en hún hefur að sögn Agnars ekki verið í notkun undanfarna mánuði. „Það var ekki séð fram á að flæðilínan yrði notuð þar sem skurðarvél og frystiskápar sem tengjast vinnslunni anna einungis annarri línunni. Menn sáu fram á að þegar farið yrði út í 40 milljóna króna fjárfestingu við að bæta við skurðarvél og frystiskápum, yrði komin fram ný kynslóð flæðilína. Það var því talið glórulaust að reyna halda búnaðinum og ákvörðun tekin um að koma honum í verð áður en hann úreldist og yrði verðlaus."

Agnar segir ekkert óeðlilegt þótt starfsfólk spyrðist fyrir um framtíðarfyrirkomulag fiskvinnslunnar, það sé óvant því að vinna falli niður og vilji vita hvað framundan er. Hann segir að starfsfólk geti ekki búist við að vinna aukist fyrr en í lok janúar en segist þó álíta að frekar sé ástæða fyrir fólk að vera bjartsýnt á framtíðina en hitt.

Ekki eru uppi áform um að

*Starfshópur um húsnæðismál Grunnskóla Ísafjarðar skilar áliti*

# Norðurtanginn enn talinn hagkvæmasti kosturinn

Starfshópur sem í haust var falið að gera samanburð á mögulegum lausnum á húsnæðisvanda Grunnskóla Ísafjarðar, hefur skilað niðurstöðum sínum og voru þær kynntar fjölmiðlum á blaðamannafundi í gær.

Starfshópnum, sem naut sérfræðiráðgjafar VSÓ Ráðgjafar, var falið að gera samanburð á nokkrum kostum sérstaklega, sem voru; nýbygging á Torfnesi, nýbygging á Wardstúni, nýbygging á Skeiði, nýbygging á Hauganesi, nýbygging á núverandi skólalóð með uppkaupum nálægra húsa og að síðustu, endurbygging eldra húsnæðis við Sundstræti 42, þ.e.a.s. Norðurtangahúsinu.

Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu að hagkvæmasti kosturinn væri að kaupa húsnæðið við Sundstræti og endurbyggja það fyrir eldri bekki grunnskólans. Samkvæmt frumáætlun um kostnað þá er heildarstofnkostnaður við að koma á einsetnum skóla í núverandi húsnæði fyrir 1.-6. bekk og í Sundstræti fyrir 7.-10. bekk, áætlaður um 364 milljónir króna.

Samkvæmt niðurstöðum starfshópsins er næst hagkvæmast að byggja nýtt húsnæði á Wardstúni fyrir eldri nemendur og yngri nemendur yrðu áfram í núverandi húsnæði. Kostnaður við þennan valkost er áætlaður 506 milljónir króna, eða 142 milljónum króna hærri en hagkvæmasti kostur.

Það er álit starfshópsins að mögulegt sé að taka húsnæðið við Sundstræti að hluta til í notkun haustið 1998 og að það sé eini valkosturinn þar sem ekki er þörf á að taka í notkun lausar kennslustofur næsta haust.

Lausleg úttekt tæknimanna og hönnuða bendir til að húsnæðið við Sundstræti sé í ágætu ástandi og að góðir möguleikar séu á því að innrétta þar hentugt skólahúsnæði. Heildarflatarmál húsnæðisins er 4.660 m², en þar sem grunnskólinn þarfnast einungis um 4000 m², verða eftir 600-700 m² sem nýta má undir aðra tengda starfsemi, s.s. skólaskrifstofu.

Í skýrslu VSÓ Ráðgjafar kemur fram að greiðslubyrði Ísafjarðarbæjar vegna hagkvæmustu lausnar yrði 577 milljónir króna, miðað við að kostnaður vegna framkvæmdanna dreifðist á 20 ár, en þess má geta að áætlaðar heildartekjur sveitarfélagsins á næsta ári eru 750 milljónir króna.

Greiðslubyrði vegna næst hagkvæmasta kostsins yrði 850 milljónir, en alls er í skýrslunni taldir upp tíu mismunandi möguleikar. Gert er ráð fyrir að endurbætur húsnæðis við Austurveg og nýbygging á Torfnesi kosti 553 milljónir (greiðslubyrði 913 milljónir), endurbætur húsnæðis við Austurveg og nýbygging á Skeiði kosti 511 milljónir (greiðslubyrði 860 milljónir), endurbætur húsnæðis við Austurveg og nýbygging á Hauganesi kosti 511 milljónir (greiðslubyrði 860 milljónir), uppbygging húsnæðis við Austurveg fyrir allt skólastarfið kosti 541 milljón (greiðslubyrði 887 milljónir).

Ef skólastarfið allt verður flutt; í nýbyggingu á Wardstúni, kostar það 740 milljónir (greiðslubyrði 1.257 milljónir), í nýbyggingu á Torfnesi, 797 milljónir (greiðslubyrði 1.321 milljónir), í nýbyggingu á Skeiði, 815 milljónir og sömuleiðis 815 milljónir í nýbyggingu á Hauganesi. Miðað við tvo síðustu kostina er áætlað að greiðslubyrði sveitarfélagsins yrði 1.435 milljónir króna, en í öllum tilfellum er greiðslubyrði kostnaður vegna viðkomandi framkvæmda sem dreifist á 20 ár.

Niðurstaða starfshópsins var kynnt bæjarfulltrúum á mánudaginn og er búist við að ákvörðun í þessu eldfima máli verði tekin á auka bæjarstjórnarfundi í næstu viku. Samkvæmt heimildum BB er enn djúpstæður ágreiningur innan meirihluta bæjarstjórnar um málið og því mjög óljóst um lyktir þess á þessari stundu.



**Eigendur Krúsarinnar, Steinþór Friðriksson og Gróa Böðvarsdóttir.**




*Þorbjörn hf., í Bolungarvík.*

segja upp starfsfólki, en Agnar segir að á meðan þetta ástand vari hafi verið ákveðið að fyrirtækið stæði ekki fast á ákvæðum um uppsagnarfresti og annað slíkt, ef fólk vildi skipta um starfsvettvang í kjölfar minnkandi yfirtíðar. 35 manns vinna í rækjuvinnslu Þorbjarnar í Bolungarvík og um 45 manns í bolfiskvinnslunni og þar af 20 útlendingar. Agnar segir að ef svo færi að fækka yrði starfsfólki, sem væri þó ekki stefna fyrirtækisins, yrði byrjað á að fækka erlenda verkafólkinu. Hann segist samt vonast til að til þess þurfi ekki að koma.

Að sögn Agnars liggur fyrir að semja þurfi við verkafólk um nýtt bónuskerfi, en sú krafa var sett fram af hálfu verkalýðsfélaganna í samningunum sem gerðir voru í vor. Farið er fram á að hópbónuskerfið verði aflagt og einstaklingsbónuskerfi tekið upp á nýjan leik. Miðað var við að nýtt kerfi tæki við eigi síðar en 1. nóvember, en vegna tölvuskráningarmálsins sem upp kom í haust hefur dregist að viðræður gætu hafist.

Þegar Þorbjörn keypti frystitogarann Hrafnseyri í haust, var úreldingarréttur Dagrúnar ÍS færður yfir á nýja skipið. Dagrún hefur síðan legið ónýtt í Grindavíkurhöfn, en Agnar telur að með nýjum úreldingarreglum sem væntanlega verða afgreiddar sem lög frá Alþingi í lok ársins, sé orðið umhugsunarefni að taka skipið í rekstur aftur. Það verði sennilega 40 milljónum krónum ódýrara eftir áramót, en nú er. Agnar segir Dagrúnu vera mun öflugra skip en Sturlu sem vel væri athugandi að skipta út.



*Húsnæði Hraðfrystihússins Norðurtanga.*

*Ísafjörður*

# Gagngerar breytingar á Krúsinni

Veitinga- og skemmtistaðurinn Krúsin var opnaður að nýju á laugardagskvöld eftir gagngerar breytingar. Gestir í opnunarhófi voru fjölmargir og lýstu yfir ánægju sinni með vel heppnaðar endurbætur. Á næstu vikum verður boðið upp á fjölbreytta dagskrá í Krúsinni, en stefnan hjá eigendum er að hafa 18 ára aldurstakmark á laugardagskvöldum og að gestir klæðist snyrtilegum fatnaði.

*Bolungarvík*

# Þorbjörn hf., skráð á Verðbréfaþingi

Vinnu vegna endurfjármögnunar Þorbjarnar hf. er að ljúka og er stefnt að skráningu hlutabréfa á Verðbréfaþingi Íslands í næstu viku.

Samkvæmt heimildum blaðsins gera hluthafar sér vonir um að gengi hlutabréfa í fyrirtækinu verði 7,57 eftir skráninguna en tilskamms tíma voru bréf í Bakka hf á genginu 1,5 á Opna tilboðsmarkaðinum.

VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

**50% starf fulltrúa á Ísafirði**

*Laust er til umsóknar 50% starf fulltrúa á umdæmisskrifstofu Vinnueftirlits ríkisins á Ísafirði. Starfið felst einkum í að annast símavörslu, afgreiðslu, tölvuskráningu og að annast hverskonar almenn skrifstofustörf. Æskilegt er að viðkomandi hafi nokkra reynslu af skrifstofustörfum og tölvunotkun.*

*Nánari upplýsingar um starfið veitir Júlíus M. Þórarinsson, umdæmisstjóri á Ísafirði í síma 456 4484 og í farsíma 852 7594 eða Dagrún Þórðardóttir, skrifstofustjóri í síma 567 2500. Laun eru samkvæmt launakerfi opinberra starfsmanna.*

*Umsóknum ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skal skila til Vinnueftirlits ríkisins, Bíldshöfða 16, 112 Reykjavík fyrir 15. desember 1997.*

ÍSAFJARÐARBÆR

**ORÐSENDING TIL ÍBÚA ÍSAFJARÐARBÆJAR**

Þar sem nú er unnið að nýrri þjóðskrá m.v. 1. desember 1997 er íbúum sveitarfélagsins bent á að tilkynna um breytt lögheimili sem allra fyrst.

**Eigendum íbúða** er skylt að fylgjast með búsetuskráningu leigjenda sinna.

**Forstöðumenn fyrirtækja og stofnana** eru hvattir til að tilkynna um nýtt starfsfólk.

Vinsamlegast hafið samband við manntalsfulltrúa í síma 456 3722.

*Bæjarstjórinn í Ísafjarðarbæ.*

**AUGLÝSING UM AÐALSKIPULAG Í ÍSAFJARÐARBÆ**

Með tilvísun til 17. og 18. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 auglýsir Ísafjarðarbær hér með tillögu að nýju aðalskipulagi á Flateyri í Ísafjarðarbæ 1996-2015.

Tillagan ásamt greinargerð liggur frammi almenningi til sýnis á bæjarskrifstofunni Hafnarstræti 1 Ísafirði og Hafnarstræti 11 Flateyri, frá og með 17. nóvember til 27. desember nk. Athugasemdum skal skila skriflega til tæknideildar Ísafjarðarbæjar fyrir 9. janúar nk.

**AUGLÝSING UM DEILISKIPULAG Í ÍSAFJARÐARBÆ**

Samkvæmt ákvæðum í gr. 4.4.1. í skipulagsreglugerð nr. 318/1985, er hér með auglýst tillaga að deiliskipulagi á Flateyri í Ísafjarðarbæ.

Skipulagssvæðið takmarkast af Túngötu í suðri að Tjarnargötu í norðri, núverandi byggð við Goðatún, Hjallaveg og Ólafstún svo og snjóflóðavarnarvirki til norðausturs. Að vestanverðu við Brimnesveg og að austanverðu við höfnina og þar fyrir ofan við Hafnarstræti, allt að varnarvirkjum.

Tillagan ásamt greinargerð liggur frammi almenningi til sýnis á bæjarskrifstofunni Hafnarstræti 1 Ísafirði og Hafnarstræti 11 Flateyri, frá og með 17. nóvember til 15. desember nk. Athugasemdum skal skila skriflega til tæknideildar Ísafjarðarbæjar fyrir 29. desember nk.

*Bæjartæknifræðingur.*

ecco

**SKÓHORNIÐ**
Aðalstræti 24 Sími 456 4323



*Skór í miklu úrvali*

**Tegund: Track 28013**
**Stærðir: 37-42**
**Litur: Brúnn**
**Verð: kr. 10.900.-**

**Er með GORETEX vatnsvörn**



...Mundu eftir
HYUNDAI
Mögnuð heimilistölva...

NÝKOMIÐ! Verð kr. 26.900,- stgr.




Twinny Nova ISDN
þráðlaus sími
fyrir samnetið

Með innbyggðum breyti
(ferjaldi) fyrir venjulega síma

Við móðurstöðina er hægt að tengja allt að 5
þráðlaus símtól og að auki
venjulega síma, faxtæki og mótöld.

Nýtt í Internetinu...

Ath.: Nýtt verð frá 1. desember!
1,800,- ef greitt er með greiðslukorti

- Allt að 5 netföng á sömu tengingu - sama verð
- Sjálfvirk vírusskönnun á tölvupósti - sama verð
- ISDN-tilboð - kauptu 3 mán. áskrift og við lánum búnaðinn...

Námskeiðin komin í gang - skráið ykkur tímanlega...

SNERPA
MÁNAGATA 6 - ÍSAFJÖRÐUR - SÍMI 456-5470




*Einbýlishúsið að Fitjateig 5 á meðan búið var í húsinu.*

## Hjónin í Innri Hjarðardal í Önundarfirði f

# Allt tilbúið ti
# með tannburs

Ísafjarðarbær hefur um skeið reynt að selja húseignir í Hnífsdal sem keyptar voru upp með styrk frá Ofanflóðasjóði. Samkvæmt heimildum blaðsins munu nokkrir aðilar hafa sýnt eignunum áhuga og eru einhverjar þeirra seldar eða sala á þeim á döfinni. Á þriðjudaginn í síðustu viku var eitt húsanna fjarlægt af grunni sínum, en nýir eigendur þess lögðu mikið á sig við að koma því á áfangastað, að Innri Hjarðardal í Önundarfirði.

Það voru hjónin Björgvin Sveinsson og Sólveig Bessa Magnúsdóttir sem festu kaup á húsinu Fitjateig 5, í Hnífsdal. Það ætla þau að nýta í stað gamla


PIZZA 67

Pantanasíminn
er 456 3367

PIZZA 67



# TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • 456 3940 & 456 3244 • 456 4547

## Fasteignaviðskipti

***Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.***

### Einbýlishús / raðhús

**Bakkavegur 4a:** 50m² einbýlishús á tveimur hæðum.Uppgert að tölu-verðu leiti. Verð: 2.100.000.
**Hafraholt 10:** 144,4m² enda raðhús á tveimur hæðum ásamt 22,4m² bílskúr. Verð: 9,300,000,-
**Hafraholt 14:** 144,4m² raðhús á tveimur hæðum ásamt 22,4m² bílskúr. Verð: 8.900.000,-
**Hlíðarvegur 38:** 183,2m² raðhús á þremur hæðum. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 9.500.000,-
**Hlíðarvegur 43:** 186m² raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 9.400.000,-
**Hlíðarvegur 48:** 146,4m² einbýlishús á þremur pöllum, mjög fallegt útsýni. Verð: 6.500.000,-
**Hjallavegur 19:** 242m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 11.500.000,-
**Hnífsdalsvegur 27:** 182m² glæsileg íbúð ásamt 413m² iðnaðarhúsnæði í góðu standi. Tilboð.óskast.
**Lyngholt 8:** 138m² einbýlishús á einni hæð ásamt 31m² bílskúr. Nýtt parkett ný málað. Skipti á eign í Hafnarfirði. Verð: 10.800.000,-
**Miðtún 31:** 190m² enda raðhús í norðurenda á tveimur hæðum. Tilboð óskast.



***Fjarðarstræti 33:** 176,5m² einbýlishús á tveimur hæðum. Góður garður. Verð: 8,500,000,-*



***Tangagata 6a:** 99,7m² einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið er laust. Öll tilboö skoðuð. Verð: 6,800,000.-*

**Mjallargata 8:** 117,8m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Laust strax. Verð: 7.400.000,-
**Móholt 9:** 152,4 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Laust fljótlega. Skipti möguleg. Verð: 11.900.000,-
**Seljalandsvegur 48:** 188m² einbýlishús á þremur pöllum ásamt bílskúr. Gott útsýni. Skipti á ódýrari eign. Verð: 12.700.000,-
**Silfurgata 9**: 150m² einbýlishús (4ra herb.) ásamt geymslu, kjallara og skúr. Nýmálað. Góð kjör í boði. Verð: 7.800.000,-
**Skipagata 11:** 78,4m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt eignarlóð. Öll tilboð skoðuð. Verð: 4.500.000,-
**Sólgata 7:** 100m² einbýlishús endurnýjað að hluta. Barnavænn garður. Kjallari ca. 50m². Verð: 7.000.000,-
**Urðarvegur 13:** 85m² einbýlishús á einni hæð ásamt kjallara. Verð: 5.500.000,-
**Urðarvegur 26:** 236,9m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr.Verð:11.800.000,-
**Urðarvegur 27: 190,5m²** einbýlish.á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Stór sólpallur og ræktuð lóð. Verð: 13.500.000,-
**Urðarvegur 58:** 209m² raðhús á 3 pöllum ásamt innbyggðum bílskúr. Góð kjör. Öll tilboð skoðuð. Verð: 11.900.000,-

### 4-6 herbergja íbúðir

**Engjavegur 21:** 132,2m² 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 8.500.000,-
**Engjavegur 31:** 92,1m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Mikið uppgerð. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 5.500.000,-
**Fjarðarstræti 4:** 120m² 4ra herbergja íbúð í fjölbýlishúsi. Skipti á minni eign á Eyrinni möguleg. Verð: 6.500.000,-
**Fjarðarstræti 6:** 122m² 4ra herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.500.000,-
**Hafnarstræti 6:** 158m² 6 herbergja íbúð á 3ju hæð í fjölbýli auk 2ja herbergja í risi. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 7.500.000,-
**Hjallavegur 8:** 128,5m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Íbúðin er laus 1. janúar 1998. Verð: 6.900.000,-
**Hjallavegur 12:** 113,9m² 3-4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð 5.500.000,-
**Seljalandsvegur 20:** 161,2m² 5-6 herb. íbúð á e.h. í tvíbýl-ishúsi ásamt stórum bílskúr. Fallegt útsýni. Verð: 10.700.000,-
**Sólgata 5: 102**m² **6** herb. íbúð á 2 hæðum í norðurenda í tvíbýlishúsi. Verð: 5,000,000,-
**Stórholt 11:** 103m² 4ra herb. íbúð á 3ju hæð í fjölbýlishúsi ásamt bílgeymslu. Íbúðin er laus. Verð: 7.800.000,-
**Stórholt 13:** 103m² 4ra herbergja íbúð í fjölbýlishúsi ásamt innbyggðum bílskúr. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 7.800.000,
**Túngata 12:** 99m² 4ra herbergja íbúð á miðhæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr. Skipti möguleg. Verð:7.900.000,-
**Túngata 12:** 98,9m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í þríbýlishúsi. Mikið uppgerð. Skipti möguleg. Verð: 6.700.000,
**Túngata 18:** 89,2m² 4ra herbergja íbúð í góðu standi á 3ju hæð í fjölbýlishúsi. Húsið allt uppgert.Möguleg skipti á minni eign. Verð: 6,900,000,-
**Urðarvegur 25:** 154,6m² 5-6 herb. íbúð í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr. Skipti á ódýrari eign möguleg. Tilboð.

### 3ja herbergja íbúðir

**Engjavegur 17:** 61,7m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Sér inngangur. Íbúðin er öll nýmáluð. Verð: 4.600.000,-
**Pólgata 6:** 55m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt herb. í kjallara, innangengt úr íbúð. Sér inngangur. Verð: 4.300.000,-
**Pólgata 6:** 52m² risíbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi ásamt geymslu í kjallara. Mikið endurnýjað. Verð: 3.900.000,-

**Seljalandsvegur 67:** 107m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 6.000.000,-
**Stórholt 7:** 76m² íbúð á þriðju hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-
**Stórholt 7:** 74,6m² íbúð á fyrstu hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.100.000,-
**Stórholt 9:** 74,6m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-
**Túngata 20:** 74,9m² uppgerð íbúð í fjölbýlishúsi. Laus fljótlega. Tilboð óskast.
**Urðarvegur 80:** 82m² íbúð á jarðhæð fjölbýlishúsi ásamt sér geynslu. Verð: 6.500.000,-

### 2ja herbergja íbúðir

**Grundargata 2:** 50,5m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð: 3.800.000,-
**Sundstræti 24:** 69m² íbúð á jarðhæð í þríbýlishúsi. Sér hiti, rafmagn og inngangur. Mikið uppgerð. Verð: 4.900.000,-
***Túngata 12:** 62m² íbúð í kjallara í þríbýlishúsi. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 3.900.000,-*
**Túngata 20:** 53,4m² íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi í góðu standi. Húsið nýlega gert upp að utan. Verð: 5.400.000,-



***Fjarðarstræti 13:** 80m² íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Aukaherbergi í kjallara og annað í risi. Verð: 5,700,000,-*



*Hér er búið að taka helminginn af grunninum og koma honum fyrir á flutningabíl...*



*... og hér fer flutningabíllinn með húsið um Túngötuna á Ísafirði.*

*luttu einbýlishús í tvennu lagi yfir Breiðadalsheiði*

# l að flytja inn tana og rúmin



*Húsið komið að áfangastað að Innri-Hjarðardal í Önundarfirði.*

íbúðarhússins í Innri Hjarðardal, en fyrsti hluti þess var byggður árið 1906. Að sögn Björgvins gekk flutningur hússins vel, að undanskildum vandamálum sem komu upp vegna vöntunar á öflugum krana til að lyfta því upp á flutningabifreiðina. Húsið sem er staðbyggt timburhús, var tekið í tvennt til að auðvelda flutning þess og var flutt í tveimur ferðum yfir Breiðadalsheiði. Talsverðar tilfæringar voru óhjákvæmilegar vegna flutninganna og m.a. varð að taka niður umferðarskilti í Túngötunni á Ísafirði og moka heiðina tvívegis sama daginn. Þegar fyrri hlutinn var kominn á sinn stað í Hjarðardal, var náð í hinn í myrkri og blindbyl. Allt gekk þó vel og daginn eftir var hafist handa við að skeyta húshelmingana saman og festa húsið við grunninn. Smíði grunnsins hófst 10. október s.l., og má því segja að að nýtt íbúðarhús líti dagsins ljós í Innri Hjarðardal á um tveimur mánuðum, en Björgvin hyggst flytja inn með fjölskylduna á 39. afmælisdaginn sinn, þann 16. desember. Þau hjón eiga þrjú börn og stunda kúabúskap í Hjarðardalnum og sinna 1200 kollu æðarvarpi á jörðinni, en auk bústarfana er Björgvin í hlutastarfi hjá Vegagerðinni sem veghefilsstjóri. Hann segir nýja húsið vera algjöra byltingu fyrir fjölskylduna, sem hlakki mikið til innflutningsins. Aðspurður segist hann telja að nýja húsið komi til með að kosta helming á við nýbyggingu, en hann hafi unnið jarðvinnu vegna grunnsins að mestu sjálfur sem muni miklu þegar heildarkostnaður er tekinn saman.

„Það eru allar innréttingar í húsinu, þannig að það er í rauninni allt tilbúið fyrir okkur að flytja inn með tannburstana og rúmin, sagði Björgvin Sveinsson í samtali við blaðið.

*Skipstjóri og vörubifreiðastjóri dæmdir fyrir brot á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar og á reglum um vigtun sjávarafla*

# Hvor um sig greiðir 400 þúsund krónur í sekt til ríkissjóðs

Héraðsdómur Vestfjarða dæmdi á föstudag, skipstjóra og vörubifreiðastjóra, til að greiða hvor um sig 400 þúsund krónur í sekt til ríkissjóðs fyrir brot á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar og fyrir brot á reglugerð um vigtun sjávarafla, sem framin voru föstudaginn 23. ágúst 1996 í Bolungarvík og á Ísafirði. Greiðist sekt skipstjórans ekki innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu skal hann sæta varðhaldi í 50 daga. Fullnustu refsingar vörubifreiðastjórans er hins vegar frestað og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá dómsbirtingu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Þá var ákærðu gert að greiða skipuðum verjundum sínum, 80 þúsund krónur í málsvarnarlaun.Annan sakarkostnað, þar með talin 80 þúsund króna saksóknaralaun í ríkissjóð, greiða ákærðu að jöfnum hlut til helminga.

Skipstjóranum var gefið að sök að hafa sem skipstjóri á Mími ÍS-30, þegar landað var afla úr skipinu í Bolungarvík, falið rúm 5 tonn (5.450 kg) af þorski undir 405 kg af ýsu og 96 kg af skarkola, þannig að ýsu og skarkola var komið fyrir ofan á þorskinum í fiskikörum og látið vigta allan aflann sem ýsu og skarkola, en ekki aðgreint eftir tegundum og með því blekkt vigtarmann á hafnarvoginni til þess að skrá aflann þannig í aflaskráningarkerfi Fiskistofu. Vörubifreiðastjóranum var gefið að sök að hafa sem ökumaður vörubifreiðar í eigu Hraðfrystihússins Norðurtanga á Ísafirði, sem var kaupandi að nefndum afla, ekið aflanum frá löndunarstað við bryggju í Bolungarvík til vigtunar á hafnarvog þar og skýrt vigtarmanni rangt frá aflasamsetningu, þannig að hann skráði allan aflann sem ýsu og skarkola enda þótt þar væru rúm 5 tonn af þorski og aðeins 501 kg samtals af ýsu og skarkola.

Í dómsniðurstöðu segir m.a.: ,,Við ákvörðun refsingar beggja ákærðu ber auk framanritaðs að taka tillit til þess, að ósannað er að nokkurt samband eða samráð hafi verið milli ákærðu við framningu brotanna. Þá er ekki í ljós leitt, að brotavilji ákærðu hafi verið styrkur, heldur byggir sakfelling á gáleysi þeirra til lögmæltra athafna. Þykir því rétt að dæma ákærðu hvoran fyrir sig til lögbundinnar lágmarksrefsingar samkvæmt 23. gr. laga nr. 57/1996, sbr. og 20. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990, eins og henni var breytt með lögum nr. 57/1996, en hvorugur ákærðu hefur áður sætt refsingu, svo kunnugt sé.”

Dóminn kvað upp Jónas Jóhannsson, héraðsdómari.

*Afmæli*

## 60 ára



Föstudaginn 21. nóv. verður Ásgeir S. Sigurðsson, Urðarvegi 60 á Ísafirði, sextugur. Af því tilefni mun hann og eiginkona hans, taka á móti þeim sem vilja samgleðjast honum í sal Oddfellowa á Ísafirði, laugardaginn 22. kl. 20:30.

Bæjarins besta
Stofnað 14. nóvember 1984

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9,
400 Ísafjörður
456 4560
456 4564

Netfang:
hprent@snerpa.is

Stafræn útgáfa:
http://www.snerpa.is/bb

Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson

Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson

Blaðamaður:
Magnús Hávarðarson

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

# Dagur íslenskrar tungu

*Leiðari*

Vel var til fundið að heiðra Gísla Jónsson, fyrrum menntaskólakennara á Akureyri, á Degi íslenskrar tungu, sem haldinn var hátíðlegur á fæðingardegi listaskáldsins góða, Jónasar Hallgrímssonar, síðastliðinn sunnudag.

Einkar athyglisvert var á að hlýða hvernig þessi íslenskukennari í áratugi og fræðimaður, knýtti saman gildi íslenskrar tungu og sjálfstæði þjóðar vorrar í viðtali við fréttamann í tilefni dagsins og þeirrar verðskulduðu viðurkenningar, sem Gísli varð aðnjótandi þennan dag.

Þá var ekki síður eftirtektarvert að heyra frá honum um þá sérstöðu sem hann kvað íslenskuna hafa í skáldskap, en hún væri eina tungumálið í veröldinni þar sem stuðlar og höfuðstafir hefðu náð fótfestu.

Þessi ummæli Gísla Jónssonar eru þörf ábending á tímum þar sem það teldist undur og stórmerki að skáld kveddi sér hljóðs með ljóðabók þar sem kvæðin væru ort samkvæmt hefðbundnum hætti; tímum þegar herdeildir leirhnoðara fara um víðan völl og skáld sögð á annarri hverri þúfu og það bregst ekki að orðaflaumur gagnrýnenda nær þeim mun hærri lýsingarstigum sem afkáralegheit viðfangsefnisins eru meiri.

Á Degi íslenskrar tungu opinberast áhyggjur manna yfir því stöðuga verkefni að verja íslenskuna fyrir ágangi erlendra tungumála. Þess utan sígur værðin á okkur. Við verðum samdauna orðsnauðu tungutaki hversdagsins og höldum áfram að býsnast yfir málfari ýmissa starfsgreina, sem almenningur hreinlega skilur ekki frekar en vaðallinn sem viðgengst á sumum útvarpsstöðvunum.

Á Degi íslenskrar tungu hlýtur það að vera umhugsunarefni hvers vegna sjálfskipaðir umsjónarmenn móðurmálsins dunda sér við að færa til nútímahorfs, eins og það heitir á fagmáli þeirra, eitt og annað í skáldskap genginna meistara. Hver færir þeim slíkt vald? Hver heimilar útgefendum og umsjónarmönnum að breyta skáldskap annarra manna, jafnvel þótt um smáorð sé að ræða? Í hverra þágu er þetta gert?

Dagur íslenskrar tungu er ágætur út af fyrir sig. Meira að segja bráðnauðsynlegur. En hann markar ekki djúp spor frekar en önnur einsdagsfyrirbrigði okkar Íslendinga meðan hinir 364 dagarnir líða hjá og við látum okkur fátt um finnast.

Meðan svo fer fram mun þjóðin halda áfram að kyrja sautjánda júní: „Fram, fram, bæði menn og „þjóð"." Og þá er líka hætt við að listaskáldið góða sem kvað „Ástkæra, ylhýra málið, og allri rödd fegra" og við helguðum Dag íslenskrar tungu, haldi áfram að snúa sér við í gröfinni.

-s.h

## Lítil flugsaga að vestan

# Þá flugu Ernir

„Ernir eru glæsilegir fuglar og vekja ævinlega áhuga þegar þeir sjást. Þeir eru fáir og dýrmætir í mosaikmynd náttúrunnar og sjást gjarnan einir á flugi. Sterklegir vængir þeirra bera þá hátt og örugglega í voldugu svifi þegar aðrir fuglar himins kúra í skjóli fyrir næðingi vinda. Þannig var það líka með sjúkraflugmanninn Hörð Guðmundsson. Hann flaug oft aleinn eins og örninn og storkaði staðreyndum veðurs ef neyðin kallaði og tefldi þá stundum á tæpasta vað. Þeir áttu margt sameiginlegt örninn og sjúkraflugmaðurinn á Vestfjörðum, þessir einfarar loftsins sem vöktu aðdáun þegar þeir sáust, örninn því hann er sjaldséður og glæstur fugl, flugmaðurinn því hann var hugrakkur og ósérhlífinn björgunarmaður. Eins konar örn í mannheimi." Þannig eru upphafsorð nýrrar bókar sem Bókaútgáfan Skjaldborg er að gefa út um þessar mundir, en í henni er sögð lítil flugsaga að vestan, saga Harðar Guðmundssonar flugstjóra og fjölskyldu hans, saga Flugfélagsins Ernis á Ísafirði. Það var hinn landskunni rithöfundur, Jónas Jónasson, sem færði í letur af landskunnri leikni. Blaðið hefur fengið góðfúslegt leyfi frá útgáfunni til að birta nokkra kafla úr bókinni og fara þeir hér á eftir.

Á bókarkápu segir: „Hörður Guðmundsson birtist með litla flugvél á Ísafirði og hugðist staldra við í þrjá mánuði. Dvölin teygðist á langinn og þegar Hörður og kona hans héldu á brott höfðu þau stofnað og rekið Flugfélagið Erni á Ísafirði í rúman aldarfjórðung. Á þeim tíma var Hörður landsþekktur flugmaður, ekki síst fyrir frækilega framgöngu sína í sjúkraflugi sem hann stundaði við erfiðustu aðstæður um árabil og bjargaði þannig ófáum mannslífum. Í þessari bók segir frá sjúkrafluginu og ýmsu öðru á viðburðaríkum ferli Harðar; flugi með skólafólk, ráðherra, frambjóðendur og ýmsa aðra fyrir vestan, skrautlegri flugferð sem lauk með því að skrúfa vélarinnar fauk af, neyðarflugi fyrir alþjóða Rauða krossinn í Afríku, baráttunni fyrir tilvist Ernis, alvarlegum flugslysum í sögu félagsins og mörgu fleiru. Þetta er saga óvenjulegrar hvunndagshetju sem Vestfirðingar og margir fleiri eiga eftir að minnast lengi."



*Hörður og Jónína í stjórnklefa Twin Otter-flugvélar Ernis.*

### Flugnám hjá fuglum himins

„Sumarið sem Hörður Guðmundsson varð 16 ára var hann ráðinn kokkur á Tindaröstina NS 55 frá Borgarfirði eystra, bát Hilmars Jónssonar, og eldaði ofan í sjö karla allt sumarið. Ekki verður með sanni sagt að Hörður hafi verið vel undir það búinn, hann tók með sér nokkrar mataruppskriftir frá mömmu og reynsluna sem hann hlaut sem messagutti og aðstoðarmaður í eldhúsi á varðskipi tvö sumur. Hörður hefði vel getað hugsað sér að verða sjómaður á þeim tíma. Þegar hann hætti á Tindaröstinni hélt hann suður til Reykjavíkur og um haustið fór hann á togarann Mars. Togarinn kom heim rétt fyrir jól og fór þá í slipp og þá fékk Hörður vinnu við höfnina og vann þar um tíma.

Ungi maðurinn mundi vel flugvélarnar sem komu æðandi yfir bæinn hans afa í Arnardal. Þegar hann vann á Eyrinni fór ekki hjá því að hann tæki eftir litlum, gulum, eins hreyfils flugvélum, Piper Cub sem voru vinsælar kennsluvélar á þessum árum. Þær voru algeng sjón yfir Reykjavík og komu oft lágt yfir höfnina á leið til lendingar. Hann gat ekki látið vera að fylgjast með þeim þegar þær flugu svona lágt yfir.

Einn dag í janúar lét hann eftir forvitni sinni og fór í lok vinnudags gangandi út á flugvöll til að skoða flugvélarnar nánar og þar með voru örlög hans ráðin. Hörður Guðmundsson stóð dágóða stund og virti fyrir sér eina kennsluvélina. Þá kostaði flugtíminn 240 krónur en dagkaupið á Eyrinni var svipað. Að læra að fljúga yrði vissulega erfitt og hann yrði að spara og gefa sér langan tíma til þess. Reikningsdæmið kom ekki sérlega hagstætt út, það tæki hann heilan dag að vinna fyrir hverjum kennslutíma. Hann setti dálítið í herðar, dró andann djúpt og sagði við sjálfan sig: Ég ætlaði að læra þennan galdur að fljúga!"

Hörður var sá fyrsti í ættinni sem lærði flug og þótti mörgum furðulegt því ættin státaði af fjölmörgum góðum sjómönnum. Sigríður, systir Harðar, tengdist fluginu þegar hún gerðist flugfreyja hjá Loftleiðum og flaug í nokkur ár. Hún var flugfreyja í DC8-flugvél Loftleiða sem lenti í mjög harðri lendingu í New York árið 1973 og nokkrir um borð meiddust en flugvélin stórskemmdist. Fyrir Sigríði var þetta mikil lífsreynsla og þegar hún kom heim sagði hún bróður sínum frá þessu. Hún sagðist trúa því að hér eftir gæti ekkert skelfilegra komið fyrir sig í flugvél. Nokkru síðar flaug hún í 4 sæta flugvél ásamt manni sínum, bróður hans og svilkonu sinni. Þau voru á leið norður í land til mannfagnaðar en fórust öll þegar flugvélin rakst á Tröllakirkju, um 1000 metra hátt fjall vestan við Holtavörðuheiði.

### Skrúfan fauk af

Meðal viðmælenda í bókinni er Torfi Einarsson, sem starfaði um árabil hjá Erni. Þegar saga Torfa gerist stundaði hann sjómennsku frá Ísafirði, en hafði ákveðið að taka sér frí í smátíma og ganga í heilagt hjónaband með Elísabetu Jóhannsdóttur. Þau höfðu ákveðið að gifta sig í þeirri góðu kirkju að Melstað í Miðfirði og leigðu sér litla flugvél til að fara með sig þangað. Flugmaður í þeirri ferð, sem og til baka var Hörður Guðmundsson. Í fluginu til baka, þegar Hörður var að lækka flugið inn til lendingar á Ísafirði og vélin var í 700 feta hæð varð mikil sprenging í mótornum. Flugvélin byrjaði að hristast eins og lauf í vindi, reykur kom úr mótomum og olía gusaðist á framrúðuna og sást ekkert út. Hörður drap strax á mótornum og kallaði upp Ísafjarðarflugvöll og

## Sigurðarbúð

# Opið hús á sunnudag

Um þessar mundir eru 25 ár síðan jólahappdrættið „Línan" hóf göngu sína sem fjáröflun kvennadeildar Slysavarnafélagsins á Ísafirði. Af því tilefni verður sýning í Sigurðarbúð á sunnudag kl. 14-17 á þeim munum sem dregnir verða út í ár. Það er von kvennadeildarinnar að bæjarbúar taki jafn vel á móti sölukonum í ár og hingað til.

## Framhaldsskólinn

# Engar einkunnir í síma

I nýútkomnu fréttabréfi Framhaldsskóla Vestfjarða segir að framvegis verði einkunnir nemenda ekki gefnar upp í síma. Þar segir einnig: „Nemendur eiga alls ekki að trufla yfirferð úrlausna og aðra starfsemi á skrifstofu skólans með spurningum um niðurstöður úr prófunum." Þá segir að kennarar vilji ekki láta trufla sig heima með spurningum um einkunnir.

## Bæjarins besta

# Áskrifendur athugið!

Enn eiga fjölmargir áskrifendur BB eftir að standa skil á áskriftargjöldum vegna mánaðanna september og október 1997. Nokkrir til viðbótar eiga eftir að gera skil á eldri áskriftargjöldum. Þeir hinir sömu eru hvattir til að gera skil hið fyrsta. Hafi greiðslur ekki borist fyrir útgáfu næsta blaðs, verða ógreiddar áskriftir felldar niður.

sagðist þurfa að lenda án tafar. Torfi rifjar þetta atvik upp:

,,Hörður opnaði smárifu á hliðarglugga og tróð höfðinu þétt að rifunni til að sjá en fékk um leið olíusmit í andlitið. Þannig lét hann vélina svífa í áttina að flugbrautinni og honum tókst að lenda slysalaust. Hann sagði ekkert við okkur meðan á þessu gekk en ekki sýndist mér að honum væri hið minnsta brugðið. Ég hélt að það væri eldur logandi í mótornum og þegar vélin var steinstopp á brautinni ætlaði ég að koma okkur út strax. Þá hallaði Hörður sér aftur í sætinu og sagði ofurrólega:

,,Hvað heldurðu að hafi gerst, maður?”

Ég sagðist ekki vitað það en spurði hvort kviknað væri í vélinni.

,,Nei, nei, það fauk bara af henni skrúfan!”

Rétt eins og það væri drepfyndið!”

## Lendingin var kraftaverk

Einn af þeim læknum sem átti töluvert samstarf við Hörð var Hallgrímur Magnússon heilsugæslulæknir í Grundarfirði. Hann var sérmenntaður í geðlækningum en var ungur læknanemi í afleysingum á Þingeyri og var að annast sjúkling sem hann taldi að komast þyrfti hið bráðasta á spítalann á Ísafirði, þegar eftirfarandi saga gerist. Þetta var rétt fyrir jólin 1976.

Ungi læknaneminn sem þurfti að koma sjúklingi á sjúkrahúsið á Ísafirði hringdi eftir sjúkraflugvélinni því landleiðin var lokuð vegna snjóa. Á Þingeyri var enginn sjúkrabíll og þurfti því að notast við kaupfélagsbílinn til að flytja sjúklinginn á flugvöllinn. Sá bíll var í raun of stuttur til slíkra flutninga og þurfti að hafa afturhurðina upp á gátt þannig að fætur sjúklingsins náðu út í grenjandi stórhríðina á leiðinni. Þegar komið var á flugvöllinn var beðið í nokkurri óvissu eftir flugvélinni því veðurguðirnir héldu áfram að láta illa og mikið létti Hallgrími þegar hann sá litlu flugvélina koma niður úr hríðarkófinu. Hann skildi ekki hvernig flugmanninum hafði tekist að síga svona af himni ofan og beint niður á litlu flugbrautina og engin radartæki á jörðu niðri að vísa honum leiðina. Þessi flugmaður hlaut að vera göldróttur.

Vélin nam staðar hjá kaupfélagsbíl í gervi sjúkrabíls og Hörður Guðmundsson steig út í fjúkið. Hallgrímur horfði í undrun á flugmanninn úlpulausan í þessu veðri sem hafði meira að segja brett upp á skyrtuermarnar rétt eins og í huga hans væri sumar og sól og honum kæmi veðrið á Þingeyri ekkert við. Hann fór að bardúsa eitthvað við hurðina því á leiðinni hafði vélin látið svo illa að hurðin hafði skekkst og gustaði þar inn alla leiðina. ,,Starf björgunarflugmannsins Harðar Guðmundssonar var mjög mikilvægt í hugum fólks á Vestfjörðum, sérstaklega fólks sem átti börn. Það hefur hiklaust ráðið búsetu þess. Þó að Hörður Guðmundsson kunni að vera lítt þekktur á svokallaða landsvísu var hann mjög vel þekktur á Vestfjörðum og í mjög miklum metum hjá öllum. Látum alveg vera þó að fjölmiðlar í Reykjavík hafi ekki vitað af honum, það voru þeirra mistök. Almenningur á þessum vestfirska útkjálka elskaði og virti þennan bjargvætt sinn,” segir Hallgrímur.

## Flogið á Guðs vegum (veigum) og órannsakanlegum

Í póstfluginu var ýmislegt flutt, pakkarnir voru margvíslegir og misþungir og ekki nokkur leið að ímynda sér innihaldið. Flugmennirnir hjá Erni byrjuðu daginn snemma og hlóðu flugvélina sem átti að fara í póstflugið, gerðu sína flugáætlun og héldu svo af stað færandi hendi. Dag nokkurn var Egill Ibsen Óskarsson flugmaður að TF-ORD, sem sæta Piper Aztec, undir póstflug. Dagurinn hafði byrjað með norðanátt og svolitlu vindrugli og var beðið átekta hvort vind mundi ekki lægja. Auk venjulegs pósts átti að flytja 300 kíló af brennivíni til Patreksfjarðar, Tálknafjarðar og Bíldudals enda engar áfengisútsölur á suðurfjörðunum. Var því áfengi oftast pantað í gegnum Ísafjörð. Presturinn á Tálknafirði, séra Karl. V. Matthíasson, þekktur bindindismaður, ætlaði með póstflugvélinni heim til sín.

Þegar leið á morguninn hafði veður skánað nokkuð og var afráðið að leggja af stað. Vindur var að sveiflast nokkuð á milli norðan og norðaustan en fór ekki yfir 4 vindstig. Flugmaðurinn og farþegi hans settust inn í vélina og eftir litla stund brunaði hún eftir brautinni og hóf sig til flugs. Presturinn sat við hliðina á flugmanninum og virtist hinn ánægðasti að vera lagður af stað og sagði stundarhátt að þetta yrði nú í stakasta lagi, hann hefði samið við yfirboðara sinn um gott flugveður.

Varla hafði karlinn sleppt orðinu þegar vindhviða skall á vélinni og hún kastaðist til. Flugu gleraugun af presti og langt aftur í vél um leið og nokkrar flöskur af brennivíni brotnuðu. Ákvað Egill flugmaður að snúa þegar í stað við og var vélin lent á Ísafjarðarflugvelli þremur mínútum eftir flugtak.

Torfi Einarsson afgreiðslumaður Ernis hljóp út til að taka á móti prestinum sem var að staulast út og sá nánast ekkert því hann hafði ekki fundið gleraugun sín. Um leið gaus út úr vélinni sterkur fnykur guðaveiga og þegar sú lykt var borin saman við göngulag prestsins mátti án efa komast að rangri niðurstöðu. Það hjálpaði ekki að hann reikaði inn um rangar dyr og var kominn inn í farangursgeymslu flugstöðvarhússins. Torfi tók undir arm prestsins og leiddi hann rétta leið. Gleraugun fundust fljótlega og hjálpuðu honum að ganga eðlilega en þó ekki fyrr en ýmsir höfðu séð það sem fram fór.

Vestfirska fréttablaðið þótti ástæða til að birta litla frétt um sannleikann í málinu, að bindindismaðurinn frómi ætti ekki skilið grunsemdir þeirra sem ekki þekktu hann en sáu hann reika út úr vélinni og fylgdi honum kaupstaðalykt sem hafði sest í föt hans.

Séra Karl hafði það á orði nokkru seinna að vegir guðs væri svo sannarlega órannsakanlegir.

## Tvíburafæðing í flugi

Eitt sinn var Hörður beðinn um að fljúga til Bolungarvíkur og sækja konu í barnsnauð, og flytja hana til Reykjavíkur. Konan átti von á tvíburum. Helgi Örn Jóhannsson, ungur læknakandídat í Bolungarvík, var orðinn hræddur um konuna og taldi að hún myndi ekki geta fætt börnin með eðlilegum hætti en á sjúkrahúsinu á Ísafirði var ekki til súrefnis- og hitakassi fyrir börn sem fæddust fyrir tímann.



*Hörður og Jónína ásamt starfsfólki sínu á 25 ára afmæli Flugfélagsins Ernis.*




Hörður sótti konuna og lækni hennar á Islandervélinni, sem Ernir hafði nýlega keypt.

,,Skömmu eftir að við lögðum af stað byrjaði konan að veikjast meira og yfir miðju hálendi Vestfjarða var hún komin að því að fæða löngu fyrir tímann. Læknirinn kallaði þá til mín og spurði hvort ekki væri sjúkrakassi um borð og ég benti honum á lítinn kassa sem hann opnaði og tók eitthvað úr honum sem hugsanlega kæmi að gagni. Um það bil sem við nálguðumst Barðastrandarsýslu fæddi konan fyrra barnið og átti það strax í öndunarerfiðleikum. Læknirinn kallaði þá til mín og bað sífellt um meiri hita, meiri hita og ég jók hann eins og hægt var. Tíu mínútum síðar flugum við yfir Breiðafjörð og þá fæddist seinna barnið. Ég leit við þegar það kom í heiminn með slíkum krafti að læknirinn nánast greip það á lofti. Hann klippti á nafnastrenginn og sat svo með þessar litlu mannverur og gerði allt sem í hans valdi stóð til að halda þeim lifandi. Flugvélar eru gerðar fyrir ákveðinn hraða en í þessu tilfelli keyrði ég mótorana á fullu afli alla leið suður. Ég get ekki sagt að mér hafi verið rótt en allt gekk samt vel.

Ég hef oft hugsað um þessa flugferð. Ég man þá gríðarlegu spennu sem myndaðist í vélinni þegar konan unga byrjaði að fæða. Sú spenna var þó ekki óttablandin og þessar magnþrungu mínútur liðu ofurhægt meðan læknirinn barðist við að bjarga lífi tvíburanna við þessar óvæntu og erfiðu aðstæður.

Þegar sjúkrabílarnir voru farnir stóð ég einn eftir hjá flugvélinni minni sem hafði óvænt breyst í fæðingardeild og bar þess öll merki. Ég varð nú að hreinsa burtu minjar um litlu manneskjurnar sem fæddust í 8000 feta hæð og þurftu tvær sýslur til.”

## Margir eiga Herði og Jónínu líf sitt að launa

Jón Ívarsson, núverandi flugstjóri hjá Flugfélaginu Atlanta, var flugmaður hjá Erni um tíu ára skeið. ,,Ég fullyrði að það hafi verið mín gæfa að fá tækifæri til að byrja flugmannsferilinn hjá Herði og fá mikla reynslu við erfiðar aðstæður. Hörður hafði þá flogið fyrir vestan um árabil og öðlast gífurlega reynslu og þekkingu á öllum staðháttum og næmi hans og skilningur á óblíðu veðurfari fyrir vestan var undraverð. Sú reynsla reyndist Vestfirðingum ómetanleg og mér sjálfum afar lærdómsrík og gagnleg.

Ótrúlega margir eiga Herði og Jóninu að þakkir að gjalda og jafnvel líf sitt að launa. Þetta hjálparstarf var unnið án mikils skilnings þeirra sem réðu fjármagni og hefðu átt að gera þetta þýðingarmikla starf auðveldara.

Það var dapurlegur dagur þegar þau hjón ákváðu að hverfa á brott til annarra starfa eftir að hafa rekið Flugfélagið Erni í 26 ár og það nánast úr eigin vasa. Merkum þætti er lokið í flugsögu okkar Íslendinga og má aldrei gleymast; þátturinn um vestfirsku veðratröllin grimmu og reynslumiklu sjúkraflugsmennina sem óragir lögðu í glímu við tröllin þegar líf lá við.”

## Brottför

Við endum þessa frá sögn á lokakafla bókarinna sem fjallar um brottför þeirra hjóna frá Ísafirði.

,,Viðbrögð fólks við burtför okkar voru blendin. Sumir urðu líklega fegnir en margir virtust sakna okkar og þeirrar þjónustu sem flugfélag okkar hafði veitt íbúunum þessi 26 ár.

Eitt er víst, ekki riðum við Jónína mín feitum hesti frá Vestfjörðum. En við höfum eignast góða vini og þeir munu ætíð taka gríðarlegt hjartapláss.

Það var erfitt að stíga upp úr gömlum fótsporum til að móta ný, erfitt að finna hlýtt faðmlag til kveðju og geta ekki dvalist við það. Það var búið að flytja innbú okkar burt úr húsinu sem við höfðum sjálf unnið við að byggja og ætluðum nú að selja. Þarna stóðum við Jónína á eldhúsgólfinu og létum minningarnar streyma um huga. Hér höfðum við svo oft setið á kvöldin og rætt dagana okkar á Ísafirði. Hér höfðu draumar dormað og hugmyndir kviknað, hér gerðum við áætlanir til þriggja ára í senn.

Við gengum hægt fram að útidyrum og skóhljóð okkar söng milt á veggjum. Þótt hér væri allt orðið tómt var þetta hús fullt af minningum um þennan vetrarkalda landsfjórðung sem skartar þó öllum þessum fögru sumardögum.

Svo vorum við farin.”




*Sankovic-fjölskyldan við komuna til Íslands 6. ágúst síðastliðinn.*



*Zeljko þjálfari á bekknum.*



*Zeljko á ungum aldri með þjálfara sínum, Vladimir Beara, hjá Hajguk Split.*



**Senn líður að jólum...**

**10. bekkingar í Grunnskólanum á Ísafirði eru komnir í rétta skapið og ætla að gleðja bæjarbúa með fallegum jólavörum, servíettum, kertum og skrauti.**

**Þeir ganga í sérhvert hús á fimmtudagskvöld með kostaboð og biðja um vinsamlegar móttökur, góð viðskipti og þar með stuðning við ferða- og fræðslusjóð.**

**Senn líður að jólum...**

Ekki eru allir að flytjast frá Vestfjörðum, hvað sem líður stöðugum tíðindum af fólksflótta héðan. Og jafnvel eru fjölskyldur að flytjast hingað. Þar á meðal er nýi íþróttakennarinn og knattspyrnuþjálfarinn á Ísafirði, Zeljko Sankovic og fjölskylda hans, sem komu hingað fyrir þremur mánuðum alla leið frá Kýpur, þar sem þau hafa búið síðustu fimm árin eða svo.

Zeljko Sankovic er frá Júgóslavíu, eins og nafnið bendir til. Eiginkona hans heitir Elza og synirnir eru tveir, Leo sem er átján ára og Đorđe sem er fimmtán ára. Nafnið Đorđe útleggst Georg á íslensku. Það er dálítið skrítið að sjá íslenska stafinn Ð í serbókróatísku, hvað þá í upphafi orðs. Í því ágæta máli eru mörg framandi tákn og krúsidúllur sem ekki verður komið til skila í tölvum þeim sem notaðar eru að jafnaði á Íslandi.

Sankovic-fjölskyldan er ekki í hópi hinna eiginlegu flóttamanna, sem hingað hafa komið frá því stríðshrjáða landi Júgóslavíu. Hins vegar þekktu þau vel til hér áður en þau komu, vegna þess að móðir Elzu, systir og mágur og börn þeirra eru meðal þeirra flóttamanna sem komu hingað til Ísafjarðar fyrir rúmu ári. Í haust kom síðan önnur systir Elzur til Íslands ásamt fjölskyldu sinni og settist að á Hornafirði.

Zeljko og Elza leggja á það mikla áherslu, að þau líta fyrst og fremst á sig sem Júgóslava en ekki Serba eða Króata. Enda er hér um að ræða eina af hinum fjölmörgu fjölskyldum sem eru af blönduðum uppruna og eiga vini af öllum þjóðernum hins gamla ríkis. Þau fóru frá Júgóslavíu áður en borgarastyrjöldin þar byrjaði og hafa fylgst með hörmungunum þar úr fjarlægð. Það kemur glögglega fram í samtali okkar, hversu sárt þeim finnst hvernig komið er fyrir gamla landinu þeirra, þar sem vinir og samlandar hafa borist á banaspjót á undanförnum árum. Nú er sambandslýðveldið Júgóslavía ekki lengur til, heldur er það nú brotið niður í sex meira og minna óvinveitt smáríki. „Þegar Júgóslavía brotnaði sundur, brotnaði hjarta mitt líka", segir Zeljko. Þau vilja halda heimalandinu sínu í minningunni eins og það var áður en ósköpin dundu yfir, traust, gott og öruggt.

### Serbneskt ættarnafn í Króatíu

Sankovic-fjölskyldan er frá bænum Knin í Króatíu, sem áður var eitt af sambandsríkjum Júgóslavíu en er nú eitt hinna sjálfstæðu smáríkja. Nafnið Sankovic er aftur á móti serbneskt. Þegar leið að því að þau þurftu að endurnýja júgóslavnesku vegabréfin sín, var það ekki hægt. Ekki fengust útgefin króatísk vegabréf vegna hins serbneska ættarnafns.

Samt eru liðnar margar aldir frá því að Sankovic-ættin fluttist frá Serbíu til Króatíu.

Elza og Zeljko hafa verið í nánu sambandi við ættingja sína hér á Ísafirði frá því í fyrra og fylgst með lífi þeirra hér og aðstæðum og mannlífi á Íslandi. Eftir nokkrar vangaveltur um framtíðina spurðist Zeljko fyrir um möguleika á atvinnu á Ísafirði í sínu fagi og fékk jákvæð svör. Hann vill nota tækifærið og þakka þeim sem hafa undirbúið komu fjölskyldunnar hingað og aðstoðað hana við að koma sér fyrir á nýjum og framandi stað. Zeljko er nú þjálfari meistaraflokks knattspyrnufélagsins Emis á Ísafirði í fótbolta, sér um kennsluna í knattspyrnuskóla BÍ og kennir íþróttir við Framhaldsskóla Vestfjarða.

### Hajduk Split, Tresnjevka Zagreb...

Það er ljóst af samtölum við þá sem koma nærri knattspyrnumálum á Ísafirði að þeim þykir mikill fengur að fá þennan mann hingað. Hann byrjaði ferilinn sem knattspyrnumaður hjá Hajduk Split fimmtán ára gamall, en borgin Split er höfuðborg héraðsins Dalmatíu á Adríahafsströndinni, skammt frá Knin, heimabæ fjölskyldunnar. Hann lék síðan með ýmsum liðum í landi sínu, meðal annars Dinara Knin og Tresnjevka Zagreb og komst ungur í áhugamannalandslið bæði Króatíu og Júgóslavíu. Jafnframt því að leika knattspyrnu stundaði Zeljko nám við íþróttaháskóla í Zagreb, höfuðborg Króatíu, fyrst almennt nám sem íþróttakennari og þjálfari en lauk síðan framhaldsnámi með knattspyrnuþjálfun sem sérgrein.

### Davor Suker, Igor Stimac...

Zeljko sýnir undirrituðum möppu með myndum og blaðaúrklippum frá ferli sínum sem leikmaður og þjálfari. Hann starfaði á sínum tíma við þjálfun landsliðs Króatíu átján ára og yngri, ferðaðist um í leit að efnilegum leikmönnum og skipulagði æfingaprógrömm þeirra. Á meðal heimsþekktra knattspyrnumanna sem byrjuðu ferilinn undir stjórn Zeljkos má nefna Davor Suker, sem nú leikur með Real Madrid, Igor Stimac sem leikur með Derby, Robert Jarni hjá Real Betis á Spáni og Zwonimir Boban hjá Inter Milan á Ítalíu. Það leynir sér ekki að Zeljko er dálítið stoltur af þessum börnum sínum.

Á ferlinum hefur Zeljko verið knattspyrnuþjálfari m.a. hjá Hajduk Split, Dinamo Zagreb og Dinara Knin, auk starfa sinna við unglingalandslið Króatíu, og frá 1992 hefur hann verið knattspyrnuþjálfari í Limassol á Kýpur.

### Úr hagfræði á Hótel Ísafjörð

Elza Sankovic stundaði á sínum tíma nám í tónlist og hagfræði í heimalandi sínu. Nú er hún í hálfs dags starfi á Hótel Ísafirði. Samræður undirritaðs og Zeljkos ganga á köflum dálítið stirðlega, vegna þess að enskan þeirra beggja er ekki upp á það allra besta. Þá kemur Elza til skjalanna og hjálpar til.

Eldri sonurinn Leo stundar nám í Framhaldsskólanum en Georg er í Grunnskóla Ísafjarðar. Ekki ber á öðrum en þeim hafi verið tekið vel og þeim líki vel lífið hér, eins og raunar fjölskyldunni allri.

### „Opinn" maður

Þegar undirritaður spyr Zeljko hvort honum finnist Ísfirðingar „opnir" eða „lokaðir" gagnvart honum og fjölskyldunni svarar hann: „Ég er sjálfur mjög „opinn" maður og ég leyfi mér að segja að ég sé mjög hamingjusamur maður, vegna þess að ég kann ekki að hata fólk. Þvert á móti þykir mér vænt um allt gott fólk. Þetta finna væntanlega þeir sem ég umgengst og þess vegna fær maður sama viðmót til baka."

Zeljko er óneitanlega dálítið útlendingslegur hér á Vestfjörðum með sitt svarta skegg, en þvertekur fyrir að hann eða fjölskyldan hafi orðið vör við nokkra fordóma gagnvart þeim sem útlendingum. Hann segir að vissulega horfi fólk stundum á hann með dálitla forvitni í svipnum – „en það er fullkomlega eðlilegt að fólk hafi áhuga á því að vita hvaðan við erum og hver við erum." Hann er mjög ánægður með



# Zeljko Sankovic

## þrautreyndur knattspyrnuþjálfari á hjara veraldar

vinnuaðstöðuna hér, samstarfsfólkið og ekki síst krakkana sem hann er að vinna með.

### Efnileg ungmenni

Fótboltinn á Ísafirði hefur verið í lægð mörg undanfarin ár. Svar Zeljkos er einfalt þegar hann er spurður um stefnuna í þeim málum nú: „Upp! En það tekur tíma og krefst mikillar vinnu og þolinmæði allra sem að því koma. Hér eru mörg mjög efnileg ungmenni og hér er vissulega framtíð fyrir góða knattspyrnu. En það ber að gera skýran greinarmun á því að hafa mikla hæfileika og því að vera góður knattspyrnumaður. Þar á milli liggur ströng og markviss vinna.“ Hann segir að hér séu nokkur frábær efni í knattspyrnumenn, en vill ekki nefna opinberlega nein nöfn að svo stöddu. „Kannski næst“, segir hann.

### Markviss vinna nauðsynleg

Zeljko leggur á það áherslu, að hann sé í fyrsta lagi íþróttakennari en í öðru lagi knattspyrnuþjálfari. Hann vill ekki gera upp á milli íþróttagreina eða draga taum knattspyrnu fremur en annars. Hann lætur í ljós ánægju með sterka stöðu körfuboltans á Ísafirði, en það leynir sér þó hreint ekki, að hann hefur mikinn metnað fyrir hönd fótboltans hér og vill sjá Ísafjörð komast einnig þar í fremstu röð. En hann ítrekar, að það gerist ekki á einni nóttu, heldur með markvissu starfi og uppbyggingu á löngum tíma. Núna er hann að kenna samtals yfir 150 krökkum í mörgum flokkum á aldrinum sex ára og til tvítugs í knattspyrnuskóla BÍ.

Ég spyr gömlu klassísku spurningarinnar, hvernig þeim líki hér innan um fjöllin bröttu á hjara veraldar. „Við erum frá bæ sem er umkringdur fjöllum, rétt eins og Ísafjörður, svo að það er okkur ekkert nýtt. Aftur á móti hefðum við ekki haft neitt á móti því að sjá svolítið meira af skógum og öðrum gróðri en hér getur að líta!“

Lokaspurning: – Getið þið hugsað ykkur að vera hér það sem eftir er?

„Lífið er undarlegt fyrirbæri. Framtíðin er alltaf óráðin gáta. Atvinnumenn í íþróttum og íþróttaþjálfun eru í rauninni borgarar alls heimsins og hlutskipti þeirra er jafnan að færa sig um set.“

### Nú er að nota tækifærið!

Það er ljóst að Zeljko Sankovic hefur alla burði og alla menntun og reynslu til að lyfta grettistaki í fótboltanum í Ísafjarðarbæ á næstu misserum og árum. Nú er bara að krakkarnir og foreldrarnir og aðrir sem að málinu koma noti sér þetta einstaka tækifæri!

*Hlynur Þór Magnússon.*



[redacted]

*Björn Teitsson, formaður sóknarnefndar Ísafjarðarkirkju skrifar*

# Forgangsröð framkvæmda við Ísafjarðarkirkju

Þegar þetta er ritað, í nóvember 1997, eru rúmlega fimm ár síðan byrjað var að vinna við undirstöður hinnar nýju Ísafjarðarkirkju. Tvö og hálft ár eru síðan kirkjan var vígð með hátíðlegri athöfn og kirkjuskipið þar með tekið í notkun, í maí 1995.

Fyrir tæplega tveimur árum var sett upp í kirkjunni danskt pípuorgel, sem að miklu leyti hafði verið keypt fyrir gjafafé, sem örlátir aðilar gáfu af stórhug.

Nokkrum fjárhagsörðugleikum hefur valdið, að engin leið reyndist að komast undan því að greiða virðisaukaskatt af orgelinu, og var það dæmi gert upp fyrir mitt ár 1997.

### Efri hæð safnaðarheimilis innréttuð

Fyrir tæpu ári var gerður samningur á milli Ísafjarðarsafnaðar og Hnífsdalssafnaðar um að síðarnefndi söfnuðurinn fengi hlut í safnaðarheimilinu á Ísafirði gegn fimm milljóna króna greiðslu. Þegar þessi greiðsla kom var unnt að ljúka við að innrétta efri hæð safnaðarheimilisins, og voru skrifstofur prestanna beggja, organista og sóknarnefndar þar teknar í notkun snemma á síðastliðnu sumri. Einnig var gengið frá stiga upp, anddyrinu að Sólgötu og salernum á neðri hæðinni. Framlag Hnífsdalssafnaðar kom sér mjög vel og er einkar þakkarvert. Frágangur safnaðarheimilis að innan hefur þegar kostað fast að 10 milljónum króna, en þar af er eftir að greiða nærri tvær milljónir.

Unnið er að hönnun minningartöflu vegna leiða undir kirkju, og verður hún væntanlega sett upp nærri Kristslíkneskinu í kirkjuskipinu.

### Fleiri lán verða ekki tekin

Á kirkjunni og safnaðarheimilinu hvíla nú skuldir, sem nema alls um 40 milljónum króna, en framlög frá Ísafjarðarkaupstað standa undir afborgunum og vöxtum af þriðjungi þessarar upphæðar.

Söfnuðurinn hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til að taka frekari lán. Framkvæmdir hér eftir þarf því að fjármagna jafnharðan með gjafafé eða öðru aflafé.

### Flygilsjóðurinn

Svo heppilega vill til að hljómburður fyrir hljóðfæraleik og söng er mjög góður í kirkjunni. Stofnaður hefur verið sjóður til kaupa á flygli til afnota í byggingunni, og er það mjög þakkarvert. Lítillega hefur verið rætt um að Tónlistarfélag Ísafjarðar komi að flygilkaupunum, og er þá gert ráð fyrir að kaupa mjög góðan, handsmíðaðan grip, t.d. þýskan eða austurrískan.

Stóran og vandaðan flygil er naumast hægt að geyma í kirkjuskipinu, vegna plássleysis, en lang eðlilegast væri að geyma hann í safnaðarsalnum. Til þess að heppilegt verði að geyma flygilinn þar, er nauðsynlegt að ganga frá innréttingu safnaðarsalarins. Hann er nú upphitaður, en eftir er að ganga frá lofti, gólfefnum, ljósabúnaði og málun veggja, auk þess sem smíða þarf rennihurð/vængjahurð á milli kirkjuskips og salarins. Þetta allt kostar um sjö milljónir króna. Í fullri alvöru er nú ræddur sá möguleiki að fá að láni eða kaupa lítið píanó til að hafa í kirkjunni þar til flygilkaup geta átt sér stað, eftir fáein ár.



*Ísafjarðarkirkja.*

### Verkum þarf að forgangsraða

Sóknarnefnd skilur að einstakir aðilar sem vilja gefa kirkjunni gjafir, hafi áhuga á að eyrnamerkja þær sérstökum viðfangsefnum, svo sem flygli. Öll framlög eru vel og þakksamlega þegin, en þó verður að teljast eðlilegt að menn hafi í huga að framkvæmdum þarf einatt að raða í forgangsröð. Deila má um hver sú röð eigi að vera, en sóknarnefnd verður þá að taka sér úrskurðarvaldið.

Að dómi nefndarinnar er nauðsynleg forsenda flygilkaupa sú sem að framan greinir, að fyrst megi takast að ganga frá salnum. Þar er ekki um vonlaust verk að ræða. Aðrir hlutir, svo sem frágangur lóðar, altaristafla, lyfta, frágangur í turni, ljósastýringar o.fl., verða svo væntanlega að bíða enn lengur.

Sóknarnefnd vill í fullri vinsemd benda hugsanlegum gefendum á að mjög vel yrði þegið að fá nú á næstunni framlög t.d. til frágangs á lofti í safnaðarsal eða til rennihurðarinnar að salnum. Þar með myndi styttast í að kaup á flygli gætu farið fram.

### Framkvæmdir eru furðu langt komnar

Það verður að teljast eðlilegt að þó nokkur ár taki að byggja upp og fullbúa nýja kirkju og safnaðarheimili, miðað við þær kröfur sem gerðar eru um þessar mundir. Að teknu tilliti til fjárhagslegrar stöðu safnaðarins við upphaf framkvæmda fyrir rúmlega fimm árum verður að telja að byggingin sé nú, þrátt fyrir allt, ótrúlega vel á veg komin, og raunar lengra en bjartsýnustu menn þorðu að vona. Nokkrir endar eru samt lausir, eins og eðlilegt hlýtur að teljast.

Nýtt söfnunarátak vegna kirkjubyggingarinnar er að hefjast, og er vonandi að fólk bregðist vel við og hjálpi til við að afla þess fjár sem til þarf svo að ljúka megi framkvæmdum og kaupa nauðsynlegan búnað hið fyrsta.

Minnt skal á að jólakort og minningarkort vegna kirkjunnar fást í Bókaverslun Jónasar Tómassonar á Ísafirði.

*Björn Teitsson, formaður sóknarnefndar.*

*Guðmunda Jenný Hermannsdóttir fyrrverandi formaður Snæfells skrifar*

# Íþróttastarfsemi á Ísafirði

Á nýliðnu sumri átti ég tal við nokkra foreldra á Ísafirði um tilveru staðarins eftir þá umræðu sem í landinu hefur verið um staðina fyrir vestan og var meðal annars rætt um miðbæinn og hve leiðinleg umferðaraðstaðan er þar. Í þessum samtölum kom fram að ein hjónin gátu einna helst hugsað sér búsetu á einum tilteknum stað á Norðurlandi, vegna þess hve þar væri mikið og vel skipulagt tómstundastarf fyrir ung börn. En það er einmitt tilurð þessarar greinar sem ég hef haft í hyggju að festa á blað, og þó fyrr hefði verið.

Nú á tímum heilsu- og hreyfiátaka, sem eru um allt land á tímum kyrrsetuþjóðfélagsins, er íþróttastarfsemi á Ísafirði ekki í nógu góðum farvegi. Íþróttafulltrúi bæjarins á ekki sjálfur lengur ung börn og hefur að því virðist, beint sjónum sínum að aðstöðu fyrir golf, sem er góðra gjalda vert, en hann virðist ekki í nógu góðum tengslum við stefnu íþróttahreyfingarinnar í landinu og á ég þar við stefnu ÍSÍ og UMFÍ. Íþróttabandalag Ísfirðinga, sem er samnefnari boltaíþrótta hefur ekki nógu vítt svið. Formaður þess er sömuleiðis ekki með ung börn á framfæri.

### ÍBÍ þverbraut stefnu ÍSÍ

Það er einnig svo að við sameiningu sveitarfélaga fyrir u.þ.b. tveimur árum, hefur skipulag íþróttastarfseminnar setið eftir í þróun sveitarfélagsins. Á Suðureyri, Flateyri og á Þingeyri eru starfrækt ungmennafélög og getur Ísafjörður margt lært af því skipulagi og starfsemi sem þar er. Einnig er til Héraðssamband Vestur-Ísafjarðarsýslu með aðsetur á Þingeyri, sem nú er „hverfi" í Norður Ísafjarðarsýslu. Þessi „hverfi" eru ekki á því að láta Ísafjörð gleypa sína starfsemi, en það er nauðsynlegt að þessi mál séu samræmd og samvinna sé innan bæjarins milli félaganna.

Eitt af því sem er jákvætt við starf ungmennafélags í litlum bæjum er að þegar eitthvað er um að vera í félaginu, snertir það alla og eykur samkennd meðal fólks. Á síðastliðnu sumri bauð ÍBÍ upp á æfingar og námskeið í knattspyrnu, allt niður til fjögurra ára barna og þverbraut þar alla stefnu ÍSÍ, sem það er aðili að. Sú stefna er t.d. á þá leið að ekki skuli vera keppt til verðlauna í barnaflokkum. Þó var farið alla leið til Siglufjarðar með átta ára gamlar hnátur sem kepptu við tólf ára gamlar stelpur. Þetta er heldur betur að sækja vatnið yfir lækinn. Stefna íþróttahreyfingarinnar í landinu er að aðeins skuli keppt í vináttumótum barna undir tólf ára, þar sem allir hljóta þátttökuviðurkenningu. Um það kunna að vera skiptar skoðanir, hvort sú stefna er rétt, og hvort það skili réttri hvatningu til íþróttaiðkunar barnanna.

### Íþróttaskóli fyrir yngstu börnin

Ég bý í bæ á Snæfellsnesi sem er á stærð við Bolungarvík miðað við mannfjölda. Þar er ungmennafélag sem rekur sjö deildir þ.e. körfubolta, knattspyrnu, blak, badminton, frjálsar íþróttir, sund og skíði. Þetta er að mestu leyti sjálfbært hvað fjármagn snertir en þó leggur bærinn til húsnæði án endurgjalds og greiðir helming í tækjakaupum sem nýtast grunnskólaíþróttum. Á öllu norðanverðu Snæfellsnesi hófst í haust, starfræksla íþróttaskóla fyrir yngstu börnin, sem er blönduð hreyfiþjálfun fyrir börn frá fjögurra til átta ára. Slíkur skóli hefur verið í Stykkishólmi mörg undanfarin sumur en er nú allt árið.

Foreldrafélag leikskólans hefur fengið aðstöðu í íþróttahúsinu, fyrst einu sinni á vetri og síðan einu sinni í mánuði, til þess að vera með íþróttadag fyrir leikskólabörn, þar sem foreldrarnir koma með börnin. Þar eru settar upp stöðvar af íþróttakennara sem fylgt er í gegnum af foreldrum og hefur það verið mjög vinsælt. Þráinn Hafsteinsson, íþróttafræðingur, setti fyrir nokkrum árum á fót svona tíma í Kópavogi og hafa þeir verið að breiðast út á undanförnum misserum, með umræðu um þörf fyrir alhliða hreyfiþjálfun fyrir börn og íþróttir fyrir alla.

### Fræðslumyndbönd fyrir sveitarstjórnir

Hér að framan nefndi ég að yfirmenn íþróttamála á Ísafirði væru komnir af léttasta skeiði. Það þýðir þó ekki að þeir eigi að fara í ruslafötuna. Þetta eru menn með mikla reynslu og þekkingu íþróttastarfs. Ég hlustaði í haust á viðtal Finnboga Hermannssonar við Fylki Ágústsson, þar sem hann rakti þróun sundæfinga á Ísafirði fyrr á árum. Það var mjög gaman að heyra hvað lagt var á sig fyrir líf sundfélagsins og um starfsemi þess. Mér er kunnugt um að leitað hafi verið til UMFÍ um upplýsingar er varða stofnun ungmennafélags á Ísafirði og veit að þar á bæ eru menn meira en tilbúnir til að aðstoða

## Súðavíkurhreppur á 54 fasteignir

# Jafngildir því að Reykjavíkurborg ætti 20.000 fasteignir

Súðavíkurhreppur á nú 54 fasteignir sem hann ber mikinn kostnað af sökum viðhalds og kyndingar. Húsin komust í eigu hreppsins við uppkaup þeirra í kjölfar snjóflóðsins árið 1995, en eignirnar samsvara því að Reykjavíkurborg ætti 20 þúsund íbúðir.

Í samtali við Dag í síðustu viku greindi Ágúst K. Björnsson, sveitarstjóri í Súðavík frá því að kynding húsanna hefði kostað 5 milljónir króna á ári á meðan búið var í þeim og að það myndi kosta 3-4 milljónir króna á ári að kynda þau tóm.

„Við höfum ekkert óskað okkur neitt sérstaklega að eiga öll þessi hús. En Súðvíkingar geta ekki hugsað sér að láta þetta grotna niður og verða einhverja draugabyggð, enda mörg húsin afskaplega góð. Að fjarlæga þau mundi ekki kosta minna en 50-70 milljónir sem enginn vill borga,“ sagði Ágúst. Hann telur að ræða þurfi sérstaklega leiðir til tekjuöflunar svo hreppurinn geti staðið undir kostnaði við rekstur og viðhald húsanna og veltir upp spurningu um hvort dæmið hafi verið hugsað til enda þegar lög um uppkaup íbúðarhúsnæðis voru samin.



***Súðavík.***

Gengið hefur verið að átta tilboðum í hús Súðavíkurhrepps, en endanlegum frágangi vegna þeirra er ekki lokið.

## Á sjötta hundrað göngur upp í Naustahvilft

# Einn einstaklingur fór 45 sinnum

Gönguferð upp í Naustahvilft tekur ekki langan tíma og er útsýni þaðan mjög fagurt. Árið 1995 var tekið upp á því að koma fyrir gestabók upp í hvilftinni, nöfn nokkurra þátttakenda voru síðan dregin út og hlutu þeir vinninga. Þetta var endurtekið í sumar.

Góð þátttaka var í Naustahvilftargöngunni sem stóð frá 25. júní til 26. september. Alls voru 558 nöfn rituð í gestabókina. Árið 1995 voru 230 nöfn í gestabókinni og hefur því orðið mikil aukning milli ára. Allmargir fóru oftar en einu sinni, t.d. tók Marzellíus Sveinbjörnsson sig til og fór 45 sinnum frá 3. júlí til 26. september, oftar en ekki hlaupandi.

Dregið hefur verið úr nöfnum þátttakenda og þessir hlutu verðlaun: Arnar Þór Ólafsson, Fríða Valdimarsdóttir, Högni Sigurðsson, Magni Guðmundsson, Marzellíus Sveinbjörnsson, Ólöf Gísladóttir og Svanlaug Guðnadóttir.

Verðlaun gáfu: Sporthlaðan, Vesturferðir, Djúpbáturinn hf. og Verslunin Birkir.

Göngu-Hrólfar þakka fyrir góða þátttöku og einnig fyrirtækjum fyrir verðlaunin.



***„Það er einnig svo að við sameiningu sveitarfélaga fyrir u.þ.b. tveimur árum, hefur skipulag íþróttastarfseminnar setið eftir í þróun sveitarfélagsins. Á Suðureyri, Flateyri og á Þingeyri eru starfrækt ungmennafélög og getur Ísafjörður margt lært af því skipulagi og starfsemi sem þar er," segir bréfritari.***

við stofnun slíks félags.

Ungmennafélag Íslands rekur m.a. félagsmálaskóla og heldur námskeið um rekstur íþróttafélaga fyrir viðtakandi stjórnir og gjaldkera og einnig námskeið í ræðumennsku. Á 40. þingi UMFÍ sem haldið var 24. og 25. október sl., kom fram að vankunnátta í ræðumennsku og fundarsköpum stendur margri starfsemi þjóðfélagsins fyrir þrifum. Einnig er mér kunnugt um að ÍSÍ hefur fræðslumyndbönd, m.a. fyrir sveitarstjórnir, um gildi íþróttastarfs.

### Íþróttastarfið til vegs og virðingar

Þegar okkur í 1.000-1.200 manna bæjum tekst að manna þriggja til fimm manna stjórnir sjö deilda íþróttafélags, aðalstjórn þess og að halda úti sjálfbærri starfsemi allt árið, ætti það að vera hægt hjá ykkur. Guðjón Petersen, bæjarstjóri í Snæfellsbæ, sagði í sjónvarpsfréttum undir lok sumars um byggingu íþróttahúss þar, að það væri ein af kröfum fólks til búsetu úti á landi, að þar væri slík aðstaða. Því ættu forsvarsmenn bæjar- og íþróttamála á Ísafirði að hafa það í huga.

Ungmennafélagsformið er mjög sterkt og vel skipulagt og felur í sér ýmsa aðra starfsemi en hefðbundnar íþróttir, sem við í daglegu tali nefnum svo, s.s. spilamennsku, leiklistarstarf, umhverfisnefnd og skógrækt. Það stefnir í að það síðasttalda eigi eftir að aukast á Vestfjörðum í náinni framtíð.

Auk þess sem íþróttastarfið er þá í sama farvegi á öllum stöðunum og meiri samvinna ætti sér stað á þeim vettvangi. Það eru 120 ár síðan leikfimiskennsla hófst á Ísafirði og forkólfum þess skuldið til að íþróttastarfið verði hafið til vegs og virðingar fyrir alla aldurshópa á Ísafirði.

*Guðmunda Jenný Hermannsdótir.Höfundur er fyrrv. formaður Snæfells og núverandi stjórnarmaður í Héraðssambandi Snæfells- og Hnappadalssýslu.*

*Millifyrirsagnir eru blaðsins.*

# Sameining sveitarfélaga

Þau ánægjulegu tíðindi bárust um helgina að íbúar annars vegar í Skagafirði og hins vegar á Norðfirði, Eskifirði og Reyðarfirði hefðu í almennri atkvæðagreiðslu kosið sameiningu. Rétt er að óska þjóðinni allri til hamingju með þennan áfanga, sem vonandi verður ekki sá síðasti í röðinni að því marki að bæta og breyta stjórnsýslu og gera hana nútímalegri en verið hefur.

Sveitarfélög á Íslandi hafa fram undir síðustu ár miðast við forna hreppaskipan, sem byggðist fyrst og fremst á framfærslu ómaga og í upphafi reyndar einnig á samtryggingu ef brann ofan af einhverjum. Síðustu aldirnar snerist sveitarfélagaskipan um fátækraframfærslu nánast eingöngu og meira að segja fram eftir okkar öld. Sjónarmiðin voru þau að koma í veg fyrir að fátæklingar fjölguðu sér. Hlutskipti þess fólks, sem ekki var af landeigendum komið, var vinnumenska fyrir landeigendur og embættismenn, einkum bændur og presta, oft ánauð líkust.

### Byggðastefna fyrr og nú




Sé litið til hinnar fornu sveitarfélgaskipunar og mikillar uppbyggingar á suðvesturhorni landsins er skiljanlegt að margir vaði reyk í svokallaðri byggðastefnu. Þéttbýlismyndun hefur ýmsa kosti. Öllum má vera ljóst að ef höfuðborgin Reykjavík hefði ekki náð þeim þroska sem þó tókst, þrátt fyrir skoðanir Jónasar frá Hriflu og félaga hans um 1930, sem töldu að heppilegast væri að Íslendingar byggju áfram til sveita, væri Ísland ekki samt í dag. Án þess að leggja mat á réttmæti þeirra skoðana, er ljóst að mannlíf þróast töluvert af sjálfu sér. Það sýnir byggðastefnan í raun afar vel. Hún stýrir ekki þróuninni. Hún tefur hana.

Hinn mannlegi eiginleiki að trúa því ávallt, að maður sé að missa af einhverju er lífseigur. Sannfæringarkraftur allar stjórnmálamanna dugar ekki til að breyta neinu. Nú hefur ekki verið sýnt fram á það að fólk á landsbyggðinni sé óhamingjusamara en höfuðborgarbúar.

Hvað þarf þá til? Auðvitað trú á sjálfan sig og sitt nánasta umhverfi. Peningar eru ekki nóg. Samanburður á lífskjörum í Reykjavík og úti á landi er nokkuð vandmeðfarin. Auðvitað viljum við ódýrari húshitun en nú á landsbyggðinni. Við viljum lægra vöruverð og við viljum skóla, sjúkrahús og aðra þjónustu. Við viljum menningarlíf. En er það fólgið í því, að þvælast um Austurstræti í Reykjavík með þúsundum drukkinna ungmenna um nætur? Þar er þó nóg af kránum. Kannski Jónas Jónsson dóms- og kirkjumálaráðherra 1927- 1931 hafi haft nokkuð til síns máls, þegar hann taldi sollinn í Reykjavík óhollan. Þar bjó hann þó og starfaði sjálfur lengst af. Sennilega voru ástæður hans svipaðar og nútíma Reykvíkinga, að vilja hafa sem flest þægindi nútímalífs innan seilingar.

Jónas dómsmálaráðherra, og ráðherra menntamála um leið, reyndi að vinna stefnu sinni framgang og reisti héraðsskóla um Ísland. Þeir voru hinir þörfustu en reyndust á endanum, eins og mörg mannanna verk, börn síns tíma. Með þessum hætti rak hann sína byggðastefnu. Síðar kom nýbýlastefna til undir lok fjórða áratugarins. Mikið er rætt um byggðastefnu nú um stundir. Sýnist sitt hverjum eins og oft er.

### Kvótinn!

Kvótakerfið er eins konar byggðastefna, sem ýtir undir samþjöppun auðs á fárra höndum og um leið flutning fiskvinnslu út á sjó. Ekki er endilega víst að þetta verði til frambúðar. Þó er engin merki að sjá er vísa til afnáms kvótakerfisins. Kvótakerfið er hvort tveggja í senn gott og vont, en sýnist fyrst og fremst ósanngjarnt, ef á annað borð er eitthvað að marka lagaákvæði þess efnis að fiskurinn í sjónum um Ísland sé sameign þjóðarinnar. Ekki er annað að sjá en kvótakerfið sé stjórntæki sem dugar til að stýra fiskveiðum Íslendinga, að vísu með ýmsum hliðarverkunum. Ein er bersýnilega auðsöfunun fárra, sem gætu átt það skilið, þótt oftast sé erfitt að greina samhengið. Spákaupmennskan er nú jafngildur þáttur í arðsköpun af fiski, eins fiskveiðar. Raunar er ekki um spákaupmennsku að tala lengur. Margir hafa meiri arð af því að selja óveiddan fisk í sjónum eða leigja út réttinn til veiðanna, heldur en stunda veiðar. Ekkert verður hins vegar eftir í byggðum landsins, þar sem flestir lögðu með einhverju móti sitt af mörkum til að stuðla að sókn í fisk, sem er víst undirstaða gróðans þegar kvótinn er keyptur og seldur.

Hér skal ekki lagt mat á kvótakerfið að öðru leyti en því, að það rýfur friðinn, sem þarf að vera um búsetu í þessu landi. Það kyndir undir óánægju þeirra semm hingað til hafa notið arðs af fiskveiðum án þess að eiga óveiddan fisk. Það lamar sóknarvilja ungra sjómanna, dregur reyndar úr löngun ungra manna til sjómennsku, því framtíðin er engin nú.

Þetta er vond byggðastefna. Hún hefur ekkert með landsbyggð og höfuðborg að gera. Sterk sveitarfélög hafa það hins vegar. Þegar kemur að því að aksturskostnaður til og frá vinnu verði jafn á landsbyggðinni og í Reykjavík spyrja einhverjir af hverju er kvóti á heita vatninu á suðvesturhorninu, af hverju njóta þeir einir sem þar búa? Já af hverju?

# kaup & sala
### ókeypis smáauglýsingar

Óska eftir að kaupa notaðan **ísskáp** fyrir lítinn pening. Upplýsingar í síma 456 3705.

Til sölu eru **felgur og varahlutir** í Subaru Justy ´88, felgur og varahlutir í Skoda Favorit ´90 og Toyota Tercel ´88. Upplýsingar í síma 456 4201

Til sölu eru felgur og **nagladekk** undan Volvo. Upplýsingar í síma 456 5214.

Okkur vantar **ýmislegt í íbúðina** okkar, helst ódýrt eða gefins, t.d. ísskáp, sjónvarp og fl. Upplýsingar í síma 456 4043.

Getur einhver lánað Ísafjarðarkirkju notað **píanó** um tíma? Sé svo, hafið þá vinsamlegast samband við séra Magnús í síma 456 3017 eða Huldu organista í síma 456 3135.

Til sölu er **Toyota** Foreigner árg. 1991. Skipti á fjórhjóladrifs fólksbíl athugandi. Upplýsingar í síma 456 7564.

Til sölu er **skíðakuldagalli** nr. 54. Upplýsingar í síma 456 4621 eftir kl. 19.

Til sölu er **MMC Lancer** 4x4, árg. 1987. Bíllinn er skemmdur eftir árekstur. Upplýsingar í símum 456 4095 og 456 4123.

Til sölu er **Saab 900** árg. 1982. Útvarp og segulband, sumar- og vetrardekk. Verð kr. 70.000. Upplýsingar í síma 456 4391.

**Basar** Grunnvíkingafélagsins verður í Skátaheimilinu, sunnudaginn 23. nóvember kl. 15. Nefndin.

Til sölu er **MMC Lancer** station, GLX 1500, árg. 1987. Mjög vel með farinn bíll. Upplýsingar í síma 456 7579 eftir kl. 18.

Til sölu er **hjónarúm** með áföstum náttborðum. Nýlegar dýnur. Upplýsingar í síma 456 5374.

Óska eftir að kaupa tvö **barnarúm** eða kojur. Upplýsingar í síma 456 5308 á kvöldin.

Tek að mér að búa til **heimasíður** fyrir Internetið. Get útvegað .is, .com og .lén. Upplýsingar í síma 456 6238 eða í netfangi kristo@snerpa.is

Til sölu fjögur lítið notuð 13" **vetrardekk** á felgum. Upplýsingar í síma 456 8190.

Til sölu er Emmaljunga **barnakerra.** Verð kr. 15.000. Upplýsingar í síma 456 4721.

Til sölu er SIMO **kerruvagn** með burðarrúmi. Upplýsingar í síma 456 5102.

## Til leigu

*Á besta stað í bænum er til leigu u.þ.b. 90-100 m² jarðhæð með gluggum. Tilvalið fyrir verslunarrekstur, skrifstofu eða hvers konar léttan iðnað.*

*Allar upplýsingar eru gefnar á skrifstofu okkar eða í síma 456 3092.*

*Póllinn hf.*

## Studio Dan

***Nýjar perur***
***Ný gerð af perum***
***Frábær árangur***

**Studio Dan**

**Hafnarstræti 20 Ísafirði sími 456 4022**

## Til leigu

*Til leigu er 4ra herbergja íbúð á Eyrinni á Ísafirði. Laus nú þegar.*

*Upplýsingar í síma 456 5367 á daginn.*

## Frum-Mynd

**Sólgata 11 • 400 Ísafirði**
**Sími 456 5091**

**TILBOÐ**
Gervihnattadiskur með móttakara, afruglara og LNB aðeins 79.900,- stgr

**ÚTSALA**
Celine Dion 999-, Live 1.499-, OP8 1.499- Tom Waits 999-, ofl.

**Allir nýjustu geisladiskarnir**
Björk, Megaslög, Mono, Sarah Maclachlan, Sweet 75, Slade, Alkaholics, Lori Carson, Forest For The Trees, PPpönk, Mommyheads, Verve.

Gítarstrengir, bassastrengir, trommukjuðar, snúrur og hljóðfæri.

Leigum út aðstöðu til að klippa og hljóðsetja video.

Sony 29" Nicam stereo sjónvarp **Aðeins 99.900 stgr.-**
Panasonic NV-HD620 Hi-Fi Stereo **Aðeins 59.900 stgr.-**

**Erum með nýju línuna frá Aiwa, ótrúlegt verð!**

### *Aðhaldsaðgerðir á sjúkrahúsinu í Bolungarvík*

# Starfsfólk haft með í ráðum

Á laugardaginn var haldinn í Bolungarvík fundur með starfsfólki sjúkrahússins, þar sem til umræðu voru sparnaðaraðgerðir sem komið hafa til framkvæmda síðan í júní í sumar. Að sögn Ólafs Kristjánssonar, framkvæmdastjóra stofnunarinnar, var tilgangurinn með fundinum að kynna starfsfólkinu áframhaldandi aðhald á svipuðum nótum og verið hefur frá því í sumar, en þá var var m.a. gripið til þess að fækka starfsfólki á næturvöktum á sjúkrahúsinu og skera niður stöðugildi í eldhúsi og þvottahúsi.

„Í stað þess að segja starfsfólki upp og ganga til endurskipulagningar, þá var sú leið valin að hafa fólkið með í ráðum um aðhaldsaðgerðir. Eftir fundinn á laugardaginn er ljóst að nokkuð góð sátt er um það sem verið er að gera. Starfsfólkið gerir sér grein fyrir því að taka verður á þessum vanda, en á síðasta ári fór sjúkrahúsið 9,1% fram yfir fjárlagaheimild, eða 4,2 milljónir króna, og heilsugæslustöðin 14,6% eða 1,6 milljónir króna. Þessi vandi hefur verið ræddur við ráðuneytið, en ekki er sýnt að bætt verði úr alveg á næstunni og því verður að gæta áframhaldandi aðhalds hvað reksturinn varðar.“

Ólafur segir að í Bolungarvík hafi hugmyndum um sameiningu heilsugæslustofnana á norðanverðum Vestfjörðum verið hafnað. Menn vilji freista þess að halda störfum á heilsugæslusviðinu í bænum svo sem frekast er unnt, m.a. til að sporna við fækkun starfa sem ekki tengjast fiskvinnslu.

Nú eru um 20 stöðugildi tengd störfum á heilbrigðissviði í Bolungarvík, en störfum sem ekki eru tengd fiskvinnslu hefur fækkað jafnt og þétt á undanförnum árum, ekki síst skrifstofustörfum.



*Sjúkrahús Bolungarvíkur.*

## Á Eyrinni

Veitingastaður Kaffihús
Mánagata 1 – Sími 456 5267 — Fiskerhús anno 1884

gallery PIZZA — Veitingastaður með stæl

## Atvinna

*Óskum eftir að ráða nú þegar starfsfólk í veitingasali - ekki yngra en 20 ára. Vaktavinna.*

*Nánari upplýsingar gefur framkvæmdastjóri alla virka daga frá kl. 08:00-17:00 á skrifstofu að Mánagötu 1.*

## F.O.S. Vest.

## Atvinna

*Starfsmaður óskast á skrifstofu Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum. Um er að ræða 75% starf, eftir samkomulagi.*

*Bókhaldskunnátta og almenn skrifstofustarfsreynsla æskileg.*

*Upplýsingar hefur formaður í síma 456 4757 eftir kl. 17:00 á kvöldin.*

## Aðalfundur

*Aðalfundur unglingaráðs BÍ´88 verður haldinn í kaffisal Norðurtangans föstudaginn 21. nóvember kl. 20:00.*

*Rædd verða störf næsta starfsárs.*

*Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að mæta.*

*Stjórn unglingaráðs.*

## Arnar G. Hinriksson hdl.

**Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243**

# Fasteignaviðskipti

**Eftirtaldar eignir eru einungis sýnishorn úr söluskrá okkar, leytið nánari upplýsinga á skrifstofu.**

### ÍSAFJÖRÐUR:

**Kirkjubær:** 100m² einbýlishús á tveimur hæðum, Húsið er laust.
**Pólgata 6:** 3ja herbergja íbúð á 3. hæð. Laus fljótlega.
**Stórholt 13:** 4ra herb. íbúð á 2. hæð ásamt bílskúr. Skipti á ódýrari eign eða jafnvel bíl koma til greina. Íbúðin er laus. Verð kr. 7.800.000
**Strandgata 5:** Hnífsdal, 2ja herb. íbúð 65 m² á 2. hæð í sambýlishúsi. Íbúðin er laus. Verð kr. 2.000.000
**Mánagata 6:** Efri hæð 155m² 5-6 herbergja. Laus fljótlega. Verð: 6.300.000,-
**Silfurgata 11:** 3ja herbergja íbúð á 1. hæð. Verð: 4.000.000,-
**Stórholt 11:** 3ja herbergja íbúð á 3. hæð fyrir miðju. Laus. Verð 4.300.000,-
**Strandgata 7:** Þetta hús er nú til sölu á aðeins kr. 6.500.000,-
**Pólgata 4:** 5 herbergja íbúð á 3. hæð. Verð: 3.600.000,-
**Urðarvegur 60:** Glæsilegt raðhús, alls rúmlega 200m², ásamt bílskúr. Skipti á minni eign á eyrinni koma til greina. Tilboð óskast.

### BOLUNGARVÍK:

**Höfðastígur 6:** U.þ.b. 80m² kjallaraíbúð. Íbúðin er laus. Verð: 1.200.000,-
**Völusteinsstræti 3:** Einbýlishús ásamt bílskúr.
**Kirkjuvegur 2:** 214m² glæsilegt einbýlishús með innbyggðum bílskúr. Laust samkvæmt samkomulagi.
**Traðarland 10:** Einbýlishús ásamt bílskúr. Verð: 7.200.000,-
**Skólastígur 21:** 3ja herbergja íbúð á 1. hæð. Íbúðin er mjög falleg og er auð. Verð kr. 3.700.000,-
**Stigahlíð 2 og 4:** 2ja og 3ja herbergja íbúðir. Verð: 1.500.000,- til 3.000.000,-
**Völusteinsstræti 28:** 150m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Nýuppgert að utan. Verð: 7.000.000,-
**Hafnargata 46:** Allt húsið. Selst ódýrt.
**Traðarland 24:** 200m² einbýlishús í lélegu ástandi. Selst ódýrt á góðum kjörum.



***Aðalstræti 13:** Efri hæð í tvírýlishúsi ásamt hálfum kjallara og tvöföldum bílskúr. Laust fljótlega.*



***Stakkanes 6:** Rúmlega 140m² raðhús ásamt bílskúr og sólstofu. Verð 11.500.000,-*

### SUÐUREYRI:

**Túngata 12:** 130 - 140m² einbýlishús ásamt litlum bílskúr.
**Aðalgata 9:** U.þ.b. 90m² einbýlishús.

### FLATEYRI:

**Eyrargata 5:** Einbýlishús, kjallari, hæð og ris. Grunnflötur ca. 45m². Húsið er laust. Verð: 3,000,000,-
**Eyrargata 9:** 76m² e. h. í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr. Stórviðgerð hefur farið fram á húsinu. Íbúðin er laus. Verð: 3,000,000,-
**Bárugata 3:** 2x60m² einbýlishús ásamt garðhúsi og stórum bílskúr. Afarfalleg eign.
Drafnargata 11: 130m² raðhús ásamt sólskála og bílskúr. Laust.

### ÞINGEYRI:

**Fjarðargata 6:** Einbýlishús á 2 hæðum. Húsið er illa farið og selst ódýrt.
**Vallargata 6:** 98,6m² raðhús á einni hæð. Verð 2.600.000,-

### PATREKSFJÖRÐUR:

**Strandgata 11A:** Einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Húsið er illa farið að innan en er nýklætt að utan. Verð: 2.600.000,-

Sumarhúsin í Hnífsdal eru nú farin að seljast!



# Þú getur unnið utanlandsferð í

**Lee Cooper**

# gallabuxum

**Ef þú fyllir út þátttökuseðil og svarar nokkrum laufléttum spurningum getur þú unnið utanlandsferð að verðmæti 100.000 kr. eða einhverja af 20 vöruúttektum að andvirði 10.000 kr. hver hjá söluaðila Lee Cooper.**

**Ef þú kaupir Lee Cooper gallabuxur fyrir 10. desember ´97 færð þú þátttökuseðil og ert með í leiknum. Nú eru Lee Cooper gallabuxur á tilboðsverði**

## frá kr. 3.990.-

**JÓN og GUNNA**

Ljóninu, Skeiði, Ísafirði, sími 456 3464



# MARBERT

kynning fimmtudag kl. 10-18 og föstudag kl. 10-16

Fjóla Friðriksdóttir förðunar- og snyrtifræðingur húðgreinir og veitir ráðgjöf

# 10%

kynningarafsláttur

**Kaupaukar**

## Nýtt frá Marbert

Húðin hefur mismunandi þarfir, þess vegna hefur **Marbert** hannað nýja kremlínu fyrir þig. **„NORMALIZING SKIN CARE"** fyrir blandaða og feita húð. **„Shine Control Flude"** og **„Shine Control Cream"** 24 tíma olíulaus raki og krem, sem matta og koma réttu jafnvægi á húðina.

**KRISMA**

Ljóninu Skeiði

☎ 4414





# LEGO dagar í Legg og skel

# 15% afsláttur fram að helgi



LEGO

KIDS WEAR

APPROVED BY CHILDREN







**Frábær föt á fríska krakka**

Opið kl. 10-16 á laugardag

**LEGGUR OG SKEL**

*fataverslun barnanna*

*Ljóninu, Skeiði, sími 456 4070*



*Vonarbræður hófu leikinn á fimmtudaginn.*



*Fjórir á fati ásamt Hallbirni í kántrísveiflu.*



## Afmæli

# 70 ára

Kristín Jónína Kolbeinsdóttir, verður sjötug laugardaginn 22. nóvember nk.

Af því tilefni taka þau hjónin, Kristín og Gunnar Hólm á móti gestum í Kiwanishúsinu kl. 20-23.

Vagninn á Flateyri

# Skemmtikvöld til styrktar Hallbirni



*Eiríkur Finnur Greipsson, Halldór Jónsson, Hinrik Kristjánsson og Eggert Jónsson voru meðal gesta á Vagninum á laugardagskvöld.*

Um síðustu helgi efndu rekstraraðilar Vagnsins á Flateyri til þriggja skemmtikvölda til styrktar Hallbirni Hjartarsyni. Hallbjörn missti sem kunnugt er veitingastað sinn og útvarpsstöð á Skagaströnd í eldsvoða fyrir skömmu, en hefur lýst yfir að hann ætli ekki að gefast upp, heldur endurreisa nýjan og betri Kántríbæ á rústum þess gamla.

Góð stemmning ríkti meðal gesta á Vagninum sem kunnu vel að meta það sem í boði var, en meðal skemmtikrafta sem komu fram og gáfu vinnu sína voru, Fjórir á fati frá Bolungarvík, Halli Melló frá Akranesi og Vonarbræður frá Ísafirði. Fjórir á fati létu þó ekki nægja að gefa vinnu sína og færðu Hallbirni 20 þúsund krónur að auki. Hallbjörn þakkaði að sjálfsögðu fyrir sig með kúrekasöngvum og lýsti því yfir að nafn Vagnsins og annarra sem aðstoðuðu hann færi á skjöld sem fengi heiðurssess í nýjum Kántríbæ.

Stofnaður hefur verið reikningur númer 2020 í Sparisjóði Önundarfjarðar til styrktar Hallbirni og eru Vestfirðingar hvattir til að láta ekki sitt eftir liggja við að aðstoða þessa lifandi goðsögn sem Kúreki norðursins er.

Meðfylgjandi myndir tók Egill Egilsson fyrir BB.



*Hallbjörn ásamt goðsögn Flateyringa, Grétari á gröfunni.*



*Meðhjálparinn blessar söfnuðinn.*



**Helgar-dagskráin**



**Helgar-veðrið**



**Helgar-sportið**

### FIMMTUDAGUR

**09:00 Línurnar í lag**
**09:15 Sjónvarpsmarkaðurinn**
**13:00 Þorpslöggan (2:15) (e)**
**13:55 Stræti stórborgar (9:22) (e)**
**14:40 Ellen (3:25) (e)**
**15:05 Oprah Winfrey (e)**
**16:00 Ævintýri hvíta úlfs**
**16:25 Steinþursar**
**16:50 Með afa**
**17:40 Sjónvarpsmarkaðurinn**
**18:00 Fréttir**
**18:05 Nágrannar**
**18:35 Nágrannar**
**19:00 19>20**
**20:00 Ljósbrot**
**20:35 Systurnar (7:28)**
**21:30 Morðsaga (7:18)**
**22:30 Kvöldfréttir**
**22:50 Stræti stórborgar (10:22)**
**23:40 Dusilmenni (e)**
Hann býr ekki yfir neinum ofurkröftum. Hann er blankur og nafnlaus.
**01:15 Ósæmileg hegðun (e)**
Athyglisverð sjónvarpsmynd um líf ungrar konu sem breytist í martröð.
**02.45 Dagskrárlok**

### FÖSTUDAGUR

**09:00 Línurnar í lag**
**09:15 Sjónvarpsmarkaðurinn**
**13:00 Lögregluforinginn Jack Frost.**
Jack Frost fær nóg að hugsa í þessari sakamálamynd þegar lík af karlmanni sem virðist hafa komið beint að skurðarborðinu finnst á floti í ánni sem rennur í gegnum Denton.
**14:45 99 á móti 1 (8:8) (e)**
**15:35 NBA tilþrif**
**16:00 Skot og mark**
**16:25 Steinþursar**
**16:50 Töfravagninn**
**17:15 Glæstar vonir**
**17:35 Sjónvarpsmarkaðurinn**
**18:00 Fréttir**
**18:05 Íslenski listinn**
**19:00 19>20**
**20:00 Lois og Clark (11:22)**
**21:00 Kanínuheiði**
Skemmtileg teiknimynd við allra hæfi um kanínufjölskyldu sem yfirgefur heimahaga sína þegar mikil hætta virðist steðja að.
**22:40 Dauðs manns gaman í Denver**
Ósvikin bófamynd með svolitlu rómantísku ívafi. Stranglega bönnuð börnum.
**00:50 Lögregluforinginn Jack Frost,.**
**02:35 Særingamaðurinn 2**
Hrollvekja af bestu gerð.
**. Stranglega bönnuð börnum.**
**04.20 Dagskrárlok**

### LAUGARDAGUR

**09:00 Með afa**
**09:50 Andinn í flöskunni**
**10:15 Bíbí og félagar**
**11:10 Geimævintýri**
**11:35 Týnda borgin**
**12:00 Beint í mark með VISA**
**12:30 NBA molar**
**12:50 Sjónvarpsmarkaðurinn**
**13:05 Járnvilji (e)**
**14:50 Enski boltinn**
**16:50 Oprah Winfrey**
**17:40 Glæstar vonir**
**18:10 Á slóðum litla drekans (e)**
**19:00 19>20**
**20:00 Vinir (14:25)**
**20:40 Fóstbræður**
**21:15 Lögregluforinginn Jack Frost.**
**23:05 Peningalestin**
Félagarnir úr Hvítir geta ekki troðið leika hér saman í hörkuspennandi og bráðskemmtilegri bíómynd. **Stranglega bönnuð börnum.**
**00:55 Síðustu forvöð (e)**
Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1995 um blaðakonuna Ednu Buchanan sem fæst einkum við að skrifa um sakamál og dregst þá gjarnan inn í spennandi atburðarás.
**02:25 Á valdi hins illa (e)**
Öldum saman hefur dularfullur galdramaður leitað sálar sinnar heittelskuðu sem dó endur fyrir löngu **Bönnuð börnum.**
**03.50 Dagskrárlok**

### SUNNUDAGUR

**09:00 Sesam opnist þú**
**09:30 Eðlukrílin**
**09:45 Disneyrímur**
**10:05 Stormsveipur**
**10:30 Aftur til framtíðar**
**10:55 Úrvalsdeildin**
**11:20 Ævintýrabækur Enid Blyton**
**11:45 Madison (8:39) (e)**
**12:10 Íslenski listinn (e)**
**13:00 Íþróttir á sunnudegi**
**16:30 Sjónvarpsmarkaðurinn**
**16:50 Húsið á sléttunni (22:22)**
**17:35 Glæstar vonir**
**18:00 Listamannaskálinn (e)**
Pablo Picasso var einn áhrifamesti myndlistarmaður aldarinnar.
**19:00 19>20**
**20:00 Seinfeld (9:24)**
**20:35 Skáldatími**
Fjallað er um rithöfundinn Guðmund Andra Thorsson.
**21:10 Í leit að svari**
Hörkuspennandi bresk sakamálamynd um unga lögreglukonu, Jude Sawyer, sem leggur sjálfa sig í mikla hættu í von um að lokka játningu út úr manni sem lögreglan grunar um morð. **Bönnuð börnum.**
**23:05 Alfræði hrollvekjunnar (3:5)**
Clive Barker fjallar um hrollvekjur í víðu samhengi. **Þættirnir eru stranglega bannaðir börnum.**
**00:00 Nuddarinn (e)**
Hörkuspennandi sakamálamynd um nuddarann Marion sem er skuldum vafinn. Hann freistast til að taka vafasömu tilboði frá manni að nafni Harry Orwits.
**Bönnuð börnum.**
**01.30 Dagskrárlok**

### FIMMTUDAGUR

**10.30 Alþingi**
**Bein útsending frá þingfundi.**
**16.15 Handboltakvöld**
Endursýndur þáttur frá miðvikudagskvöldi.
**16.45 Leiðarljós (771)**
**17.30 Fréttir**
**17.35 Auglýsingatími**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar**
**18.30 Undrabarnið Alex (4:13)**
**19.00 Úr ríki náttúrunnar**
**Úr dagbók stóru kattardýranna** (2:6)
Bresk fræðslumyndasyrpa þar sem fylgst er með ljónum, hlébörðum og blettatígrum í Kenýa
**19.30 Íþróttir 1/2 8**
**19.50 Veður**
**20.00 Fréttir**
**20.30 Dagljós**
**21.05 Saga Norðurland**a (9:10)
**Börn á Norðurlöndum**
**21.35 ...þetta helst**
**22.05 Ráðgátur (9:17)**
**Atriði í þættinum kunna að vekja óhug barna.**
**23.00 Ellefufréttir**
**23.15 Króm**
**23.40 Dagskrárlok**

### FÖSTUDAGUR

**16.45 Leiðarljós (772)**
**17.30 Fréttir**
**17.35 Auglýsingatími**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Þytur í laufi (18:65)**
Breskur brúðumyndaflokkur
**18.30 Fjör á fjölbraut (1:26)**
**19.30 Íþróttir 1/2 8**
**19.50 Veður**
**20.00 Fréttir**
**20.35 Dagsljós**
**21.10 Móðir eða stjúpa**
Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1995 um um móður tveggja barna sem krefst forræðis yfir þeim tíu árum eftir að hún yfirgaf þau.
**22.50 Glæpahringur (9:9)**
**23.40 Banvæn mistök**
Bandarísk spennumynd frá 1993. **Kvikmyndaeftirlit ríkisins telur myndina ekki hæfa áhorfendum yngri en 16 ára.**
**01.15 Ráðgátur (9:17)**
**Atriði í þættinum kunna að vekja óhug barna. Endursýndur þáttur frá fimmtudegi.**
**02.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### LAUGARDAGUR

**09.00 Morgunsjónvarp barnanna**
**10.35 Viðskiptahornið**
**10.50 Þingsjá**
**11.15 Hlé**
**13.20 Heimssigling**
**14.20 Þýska knattspyrnan**
**Bein útsending frá leik í fyrstu deild.**
**16.20 Leikur vikunnar**
**Bein útsending frá leik í Nissandeildinni í handbolta.**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Dýrin tala (10:39)**
**18.25 Fimm frækin (10:13)**
**18.50 Hvutti (11:17)**
**19.20 Króm**
**19.50 Veður**
**20.00 Fréttir**
**20.35 Lottó**
**20.50 Stöðvarvík**
**21.25 Löður**
Bandarísk gamanmynd frá 1991 um sjónvarpsstjörnu sem er að missa tökin á sápuóperunni sem hún leikur í og á lífi sínu líka
**23.10 Skrykkjótt Skotlandsferð**
Bresk bíómynd frá 1995 um ungan myndlistarmann sem liggur ósköpin öll á að komast frá London til

# UM HELGINA

Rúnar Þór
á heimaslóðum
föstudags- og laugardagsvköld
-þægileg og róleg helgi í pöbba stemmningu

**Krúsin**
Baldur Geirmunds og Margrét Geirs
skemmta í glænýrri Krús
á laugardagskvöld til kl. 03
Snyrtilegur klæðnaður
Aldurstakmark 20 ár

Félagsheimilið í Hnífsdal
**HNÍFSDALSFAGNAÐUR**
Hraðfrystihúsið í Hnífsdal
á árshátíð á allsherjar
Hnífsdalsfagnaði
Húsið opnar kl. 23 fyrir ballgesti
Sægreifarnir og Villi Valli skemmta
Aldurstakmark 18 ár

PIZZA 67
Nýtt símanúmer
755 6767
Gamla númerið gildir áfram

ÍSAFJARÐARBÍÓ





**Air Force One**
Áætluð koma:
Fimmtudag kl 21.00

Sunnud. kl. 21.00
Mánud. kl. 21.00
Þriðjud. kl. 21.00

Jólahlaðborð
í Krúsinni
í desember!
Stefán Hilmarsson,
Páll Óskar og
Helgi Björns
skemmta
matargestum.
Nánari
upplýsingar í
dreifiritum og
götuauglýsingum

Ert þú að leita að: spennumúsiksannsögugamandramahryllingsfræðsluævintýravísandabarnateiknimynd?






## Opnunartími í Vídeóhöllinni

Frá kl. 16:00 til kl. 19:00
og frá kl. 20:00 til kl. 23:30
alla daga

**Verð á myndböndum:**
Nýjar myndir kr. 400,- ( ein eldri frí með)
Eldri myndir kr. 200,- (yfir 3500 myndir)
Teiknimyndir kr. 100,-

Mikið úrval af myndum
og góð þjónusta!

Vandaðu
til verks...
...verslaðu í
Vídeóhöllinni

Vídeó Höllin
- við Norðurveg
456 4033


Glasgow í afmæli pabba síns.
**00.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SUNNUDAGUR

**09.00 Morgunsjónvarp barnanna**
**10.45 Hlé**
**12.20 Markaregn**
Sýnd verða mörkin úr leikjum gærdagsins í þýsku knattspyrnunni. Endursýnt kl. 23.35 í kvöld.
**13.20 Biskupsvígsla**
Bein útsending úr Hallgrímskirkju þar sem séra Karl Sigurbjörnsson verður vígður til biskupsembættis
**15.00 Þrjú-bíó**
**Kalli og vofan**
**Bandarísk fjölskyldumynd frá 1995**
**16.30 Bikarkeppnin í sundi**
Bein útsending úr Sundhöllinni í Reykjavík.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar**
**18.30 Hvað er í matinn?**
**18.40 Viktor**
**Sænsk barnamynd.**
**19.00 Geimstöðin (2:26)**
**19.50 Veður**
**20.00 Fréttir**
**20.30 Skólaferð**
Leikrit eftir Ágúst Guðmundsson frá 1978. Skólanemendur eru í skíðaferð og hafa komið sér fyrir í skíðaskálanum þegar ískyggileg tíðindi fara að berast í útvarpinu.
**21.25 Friðlýst svæði og náttúruminjar**
**Grafarlönd og Herðubreiðarlindir**
**21.45 Helgarsportið**
**22.05 Hæpin heilræði**
Bresk sakamálamynd frá 1996 um tvær systur sem búa í skugga ráðríkrar móður í friðsælu sveitaþorpi. Önnur þeirra heillast af bók um fræga breska morðingja og fær þar ýmsar hugmyndir um hvernig hún gæti gert sér lífið bærilegra
**23.35 Markaregn**
**Endurtekinn þáttur frá því fyrr um daginn.**
**00.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## TV-SPORT

Miðvikudagur 19. nóv. kl. 19:25
**Celtic - Rangers**
Fimmtudagur 20. nóv. kl. 19:00
**Heimsmeistaramótið í golfi**
Föstudagur 21. nóv. kl. 17:50
**AB - Silkeborg**
Laugardagur 22. nóv. kl. 14:55
**Derby - Arsenal**
Laugardagur 22. nóv. kl. 18:30
**Heimsmeistaramótið í golfi**
Laugardagur 22. nóv. kl. 01:30
**Hnefaleikar - Foreman - Briggs**
Sunnudagur 23. nóv. kl. 13:50
**Ikast - Köbenhavn**
Sunnudagur 23. nóv. kl. 19:00
**Heimsmeistaramótið í golfi**

## CANAL+ DANMÖRK

Föstudagur 21. nóv. kl. 18:55
**Þýski boltinn**
Laugardagur 22. nóv. kl. 14:25
**Þýski boltinn**

## TV2 - NOREGUR

Laugardagur 22. nóv. kl. 14:45
**Enski boltinn**

Laugardagur 22. nóv. kl. 17:00
**Heimsmeistaramótið í alpagreinum karla. 1. umferð**
Laugardagur 22. nóv. kl. 20:40
**Heimsmeistaramótið í alpagreinum karla. 2. umferð**

## CANAL+ - NOREGUR

Laugardagur 22. nóv. kl. 10:15
**Heimsmeistaramótið á skíðum 5 km ganga kvenna og 10 km ganga karla**
Sunnudagur 23. nóv. kl. 10:15
**Heimsmeistaramótið á skíðum**

## TV3 - SVÍÞJÓÐ

Sunnudagur 23. nóv. kl. 13:00
**Ítalski boltinn**






VAGNINN

*Athugið að alla þá leiki sem eru tilgreindir hér til hliðar er hægt að sjá í beinni hjá okkur.*

*Bjóðum uppá skyndibitarétti á meðan á útsendingu stendur.*

*Erum byrjaðir að taka niður pantanir fyrir JÓLAHLAÐBORÐIÐ*

*Bjartmar Guðlaugsson skemmtir á laugardagskvöldið*



VAGNINN
**FLATEYRI**
http://www.snerpa.is/vagninn




**Horfur á fimmtudag og föstudag:**
Suðaustan- og austan átt, rigning og hiti 2 til 7 stig, mildast um landið sunnanvert.

**Horfur á laugardag:**
Suðlæg átt, skúrir og hlýtt í veðri.

**Horfur á sunnudag:**
Hæg suðlæg átt, víða léttskýjað og áfram hlýtt.


LOTTÓ

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

# Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk









*Forstöðukona Hlífar segir upp störfum*

# Er grunuð um að hafa dregið sér 900 þúsund krónur

Rósa Jóhannsdóttir forstöðumaður elliheimilisins Hlífar á Ísafirði, hefur sagt upp starfi sínu í kjölfar ásakana um að hún hafi dregið sér fé frá verslun elliheimilisins. DV tók málið til umfjöllunar á föstudaginn en þar vísaði Rósa því á bug að um misferli af sinni hálfu væri að ræða og að hér væru á ferðinni pólitískar ofsóknir svipaðar þeim er upp komu nýlega í máli Björns Hafbergs skólastjóra á Flateyri en Rósa hefur starfað í Alþýðuflokknum.

Heimildamaður blaðsins meðal alþýðuflokksmanna á Ísafirði kvað málið ekki hafa fengið neina umfjöllun á flokkslegum grundvelli og að hið meinta athæfi væri jafnt fordæmt innan Alþýðuflokksins og annarra flokka. Hann fullyrti að engin ólga væri meðal alþýðuflokksmanna vegna þessa máls og sagði Rósu ekki eiga neinn stuðning innan flokksins.

„Það er sjálfsagt að konan fái að njóta vafans þar til sekt verður sönnuð, en ef ásakanir á hendur henni reynast á rökum reistar, þá mun flokkurinn að sjálfsögðu bregðast ákveðið við vegna þess að þá hefur hún viljandi verið að sverta hann með afgerandi hætti,“ sagði heimildarmaður blaðsins. Í sama streng tók Sigurður R. Ólafsson, bæjarfulltrúi Alþýðuflokksins í Ísafjarðarbæ, í samtali við DV. „Ég ver ekki fólk sem er óhæft, það eru hreinar línur, alveg sama hvar það er í pólitík.“ „Ég veit ekki betur en ég sitji í meirihluta í bæjarstjórn og ætli ég sé að hreinsa kratana hér í burtu?,“ sagði Sigurður aðspurður um hvað hæft væri í fullyrðingum um pólitískar ofsóknir.

Samkvæmt heimildum BB hefur Rósa ekki getað gert grein fyrir um 900 þúsund krónum sem vantar inn í rekstur verslunar elliheimilisins frá því í maí, en þessa dagana er verið að rannsaka bókhaldið.

*Ísafjarðarbær*

# Fjölmörg óhöpp í hálkunni

Mjög hált var á Ísafirði og nágrannabyggðum um síðustu helgi og lentu ófáir ökumenn í erfiðleikum vegna þess. Nokkuð var um smáárekstra en engin slys urðu á fólki. Um miðnætti á föstudagskvöld keyrði ökumaður á kyrrstæða bifreið á Þingeyri og náði ekki að stöðva bifreið sína fyrr en nokkrum tugum metrum frá árekstrarstað, en þar hafnaði bifreið ökumannsins utan vegar. Ökumaðurinn slapp án meiðsla en nokkrar skemmdir urðu á bifreiðunum. Ökumaðurinn er grunaður um ölvun við akstur.

Á sjötta tímanum aðfaranótt sunnudags var óskað eftir aðstoð lögreglu á Gemlufallsheiði. Þar var fólk á leið í jeppabifreið til Ísafjarðar og treysti ökumaður hans sér ekki til að aka niður heiðina sökum hálku. Að sögn lögreglu, var bifreiðin við það að renna út af veginum og þurfti að notast við dráttarspil lögreglubifreiðarinnar til að ná jeppanum á réttan vegarhelming. Á svipuðum tíma missti ökumaður stjórn á bifreið sinni á móts við Urðarveg og Seljalandsveg á Ísafirði og hafnaði bifreiðin á tré í Jónsgarði. Síðdegis á sunnudag fékk lögreglan síðan tilkynningu um að ekið hefði verið á kind inni í Hestfirði. Sá sem varð fyrir því að aka á kindina, en hún brotnaði á báðum afturfótum, lét lögregluna vita og varð að samkomulagi að ökumaðurinn myndi lóga kindinni, en hann hafði skotvopn meðferðis í bifreið sinni.



**_Ökumaður þessarar bifreiðar missti stjórn á henni í hálkunni um helgina með þeim afleiðingum að bifreiðin hafnaði á tré inni í Jónsgarði á Ísafirði._**

Að sögn lögreglunnar á Ísafirði, stendur til að fara út í átak gegn ólöglegri lagningu ökutækja í sveitarfélaginu sem og gegn þeim sem virða ekki stöðvunarskyldu og verða ökumenn hiklaust sektaðir verði þeir uppvísir að framangreindum umferðalagabrotum.

*Hraðfrystihúsið hf., áformar að lengja Andey ÍS um tólf metra*

# Beðið eftir samþykkt Alþingis á reglugerð

Forsvarsmenn Hraðfrystihússins í Hnífsdal áforma breytingar á rækjufrystitogaranum Andey ÍS og gera áætlanir ráð fyrir að skipið verði lengt um 12 metra, úr 33 metrum í 45 metra. Er nú beðið eftir því að Alþingi samþykki nýja reglugerð um endurnýjun fiskiskipa. Verði drög nefndar sem fjallaði um málið samþykkt óbreytt, verður heimilt að stækka skip um 100 rúmmetra og síðan 25% umfram fyrri rúmmetrafjölda, án þess að að kaupa þurfi rúmmetra vegna endurnýjunarinnar. Það myndi þýða að lengja mætti Andey um 10 metra án þess að útgerðin úrelti á móti, en fyrir þá tvo metra sem út af standa þyrfti að greiða.

Andey, sem er 210 brl. skip, var áður í eigu Frosta hf. í Súðavík. Þegar skipið var smíðað var gert ráð fyrir að það yrði lengt síðar meir, en í dag er það talið af mjög óhentugri stærð. Lestarpláss og millidekk er lítið og eins olíugeymar og vistarverur áhafnar. Með stækkun skipsins ætla eigendur að auka úthald þess í hverri veiðiferð og m.a. spara kostnað vegna olíueyðslu.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Ísafjarðarflugvelli
Sími 456 3000
Flugfrakt
Ódýrari
en þig
grunar!

Önnur
áhugamál!
til hvers?
1X2
1X2
LENGJAN



Golfferð til
Las
vegas
29. nóv.
til 4. des.
Samvinnuferðir-Landsýn
Söluskrifstofa • Hafnarstræti 7
Ísafirði • Sími 456 5390

SIEMENS 150 ÁRA
PÓLLINN HF. AFMÆLISTILBOÐ
Sími 456 3092 • Verslun 456 4594
ÞVOTTAVÉL 800 SN. 49.800,- STGR. (ÞÚ SPARAR 5814,-)
ÞURRKARI WT-61000 49.800,- STGR. (ÞÚ SPARAR 9.255,-)
KÆLISKÁPUR KS-28V 49.800,- STGR. (ÞÚ SPARAR 10.185,-)
UPPÞVOTTAVÉL 4 KERTA 59.800,- (ÞÚ SPARAR 5.114,-)
RYKSUGA 1300 W 9.900,- (ÞÚ SPARAR 3020)